

**Lífskjör, lífshættir og lífsskoðun
eldri borgara á Íslandi
1988-1999**

**Kynslóðagreining
og samanburður milli landa**

Unnið fyrir:

Framkvæmdanefnd vegna árs aldraðra
og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Umsjón:

Stefán Ólafsson

Höfundar:

Stefán Ólafsson
Karl Sigurðsson
María J. Ammendrup

JÚLÍ 1999

EFNISYFIRLIT

Um skýrsluna	5
I. Lífskjör eldri borgara	9
I.1. Efnahagsleg lífskjör	9
I.1.1. Tekjur og tekjuskipting	9
I.1.2. Fátækt meðal eldri borgara: Erlendur samanburður	14
I.1.3. Hlutur velferðarríkisins	20
I.1.4. Raunverulegar ráðstöfunartekjur: Minni velferðarforsjá, meiri vinna og lægri skattar á Íslandi	25
I.2. Húsnæðismál	30
II. Mat eldri borgara á lífskjörum sínum	37
II.1. Ánægja með efnahagsleg lífskjör	37
II.2. Ánægja með heilsufar og aðra þætti lífskjara	38
II.3. Sjálfstjórn og ánægja með lífið	43
III. Lífshættir eldra fólks	47
Vinna, frístundalíf, neysla og fjölmiðlanotkun	47
III.1. Vinna	47
III.1. Frístundalíf og neysluhættir	49
III.1. Þátttaka í félagslífi	52
III.1. Fjölmiðlanotkun	53
IV. Lífsskoðun eldri borgara	57
IV.1. Trú	57
IV.2. Viðhorf til velferðarmála	59
IV.3. Vinnuviðhorf	64
IV.4. Afstaða til siðferðismála	68
V. Niðurstöður	75
Heimildir	83

Um skýrsluna

Framkvæmdanefnd vegna árs aldraðra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fólu Félagsvísindastofnun að gera skýrslu um líf skjör, lífshætti og lífsskoðanir eldri borgara hér á landi, með samanburði við aðra aldurshópa og með samanburði við önnur lönd, eftir því sem kostur væri á. Ekki var um að ræða gerð nýrrar könnunar heldur nýja úrvinnslu og greiningu efnis úr gagnabanka Félagsvísindastofnunar. Stofnunin býr að mjög fjölpættu efni um viðfangsefnið frá síðustu árum. Efnið sem hér er byggt á nær að stærstum hluta til tímabilsins 1988 til 1999. Kostnaðarramma verkefnisins réð því hversu mikið efni var tekið með í skýrsluna, en gagnabanki Félagsvísindastofnunar inniheldur mun meira af efni sem tengist högum eldri borgara og annarra þjóðfélagshópa en hér er fram reitt, bæði íslenskt efni og efni frá öðrum vestrænum löndum.

Markmið rannsóknarskýrslunnar er að draga upp heildstæða mynd af lífi og kjörum eldri borgara á Íslandi nú á dögum.

I. LÍFSKJÖR ELDRI BORGARA.

I.1. EFNAHAGSLEG LÍFSKJÖR

I.1.1 Tekjur og tekjustipting.

Í þessum kafla er fjallað um helstu þætti efnahagslegra lífskjara og þeir bornir saman milli kynslóða eða aldurshópa í íslensku samfélagi, en auk þess er gerð tilraun til að bera saman nokkra lífskjarþætti milli landa, til dæmis stærð lágláunahópa, eða umfang fátæktar. Fjallað er um fjölskyldutekjur, ráðstöfunartekjur á mann, og heildartekjur einstaklinga, eftir því sem gögnin leyfa og við á hverju sinni. Þá er einnig fjallað hér um opinbera velferðarforsjá og húsnæðisáðstæður.

Tekjuupplýsingarnar eru úr reglubundnum þjóðmálakönnunum Félagsvísindastofnunar, þar sem almenningur er spurður um heildartekjur einstaklinga og fjölskyldutekjur hjóna og sambúðarfólks fyrir síðasta mánuð, auk upplýsinga um fjölskyldusamsetningu, vinnutíma og starfsstétt, svo nokkuð sé nefnt. Í könnunum var beðið um upplýsingar um allar samanlagðar tekjur fyrir skatt, þ.e. atvinnutekjur, bótatekjur, fjármagnstekjur og fleira. Í sumum tilvikum hefur í greiningunni verið gerð tilraun til að áætla ráðstöfunartekjur, með hliðsjón af upplýsingum Þjóðhagsstofnunar um skattbyrði eftir einstökum tífunduhlutum í tekjustiganum.


Til að gera tölurnar áreiðanlegri voru vor og haustkannanir lagðar saman á hverju ári (nema 1987 þar sem aðeins ein könnun var tiltæk með fullnægjandi upplýsingum) og er grundvallarúrtakið oftast 3000 manns á aldrinum 18 ára og eldri, en í einstökum tilvikum eru lagðar saman fleiri kannanir, þ.e. þrjár kannanir með úrtak allt að 4500 manns. Svarendahópurinn er hins vegar ekki svo fjölmennur, enda er svarhlutfall oftast um 70% og síðan gefa ekki allir upp upplýsingar um tekjur sínar. (Sjá nánar um þetta í töflu I í viðauka við þennan kafla).

Meðaltöl eru sýnd á tvo vegu, annars vegar á venjubundinn hátt (það sem á ensku er kallað “mean” og hér er kallað **meðaltalstölur**) og hins vegar eru reiknuð **miðgildistölur** (það sem á ensku er kallað “median”), sem sýnir tekjur þess einstaklings sem er í miðju hópsins, þ.e. hefur jafn marga í viðkomandi hópi fyrir neðan sig og fyrir ofan sig í tekjustiganum. Þegar dreifing er teigð í efri hlutanum, eins og almennt er í gögnum um tekjudreifingu, er oft mælt með því að nota miðgildistölur við að reikna meðaltöl. Mjög háar tekjur tiltölulega fárra einstaklinga eða fjölskyldna hafa minni áhrif á meðaltalið þegar reiknað er með þeirri aðferð.

Fyrst er sýnd þróun fjölskyldutekna hjóna og sambúðarfólks í ólíkum aldurshópum frá 1986 til 1998, á mynd I.1.1. Myndin sýnir útkomuna miðað við miðgildistölur en í töflu í viðauka við kaflann má einnig sjá meðaltalstölur. Mynstrið er svipað samkvæmt báðum aðferðum en upphæðirnar eru lítillega ólíkar (lægri samkvæmt miðgildistölunum), auk þess sem sveiflur eru misörar, þ.e. þær eru almennt jafnari þegar byggt er á meðaltalstölum. Miðgildistölurnar gefa hins vegar réttari mynd af þróun tekna hjá meðalmanninum, þ.e. stærstum hluta almennings.

Myndin sýnir langtímasveifluna í rauntekjum heildarhópsins og einstakra aldurshópa. Frá 1984 höfðu kaup og tekjur aukist mikið og náði sú sveifla hámarki 1987-1988. Eftir það rýrnuðu tekjur almennt, vegna samdráttar í efnahagslífinu. Myndin sýnir síðan ljóslega hvernig góðæri síðustu ára hóf innreið sína upp úr árinu 1995. Á tímabilinu öllu voru tekjur hjóna/sambúðarfólks á aldrinum 30-39 og 40-49

ára hæstar, en á allra síðustu árum hefur 40-49 ára hópurinn skriðið framúr 30-39 ára hópnum.



Mynd I.1.1: Þróun fjölskyldutekna hjóna og sambúðarfólks Greint eftir aldurshópum. Tekjur á verðlagi ársins 1998.¹

Eldri borgarar eru með lægstu fjölskyldutekjurnar allt tímabilið og njóta greinilega ekki uppsveiflnanna í góðærunum til jafns við hina aldurshópana, hvorki á því fyrra né á því seinna. Yngsti hópurinn (18-29 ára) var almennt með hærri tekjur en fólk á aldrinum 50-67 ára á fyrsta hluta tímabilsins en dróst svo afturúr á samdráttarskeiðinu 1992-5.

Tafla I.1.1 sýnir betur hvernig fólki í einstökum aldurshópum hefur vegnað í góðæri síðustu ára, frá 1995 til 1998.

Tafla I.1.1. Fjölskyldutekjur hjóna og fólks í sambúð Grunntölur og breyting 1995-8.

(Heildartekjur allra fjölskyldumeðlima samanlagðar: atvinnutekjur, bótatekjur, fjármagnstekjur o.fl.).

Meðaltalstölur – Verðlag 1998

	1998	1995	Raunaukning tekna 1995-98
Allir	277.000	212.000	30,7%
18-29 ára	244.000	187.000	30,5%
30-39 ára	305.000	234.000	30,3%
40-49 ára	331.000	241.000	37,3%
50-67 ára	262.000	197.000	33,0%
68-80 ára	149.000	129.000	15,5%

Heimild: Þjóðmálakannanir Félagsvísindastofnunar, úrtök 3000-4500 á ári.

Tölur eru færðar til næsta heila þúsunds.

¹ Tekjurnar eru reiknaðar til verðlags 1998 á grundvelli neysluverðsvísitölu.

Í töflunni kemur fram að meðalfjölskyldutekjur landsmanna 18 ára og eldri voru um 277 þúsund krónur á mánuði árið 1998 og höfðu hækkað úr 212.000 krónum frá árinu 1995, og er það um 30% raunaukning tekna, þ.e. að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Hæstar voru tekjurnar hjá fólki á fimmtugsaldri (40-49 ára), eða um 331.000 krónur, þá kom fólk á fertugsaldri með um 305.000 krónur, þá fólk á sextugsaldri með 262.000, svo fólk á aldrinum 18-29 ára með um 244.000 krónur á mánuði. Eldri borgarar, þ.e. fólk á aldrinum 68-80 ára voru með langlægstar tekjur aldurshópanna, eða um 149.000 krónur á mánuði. Ef miðað er við miðgildistölur þá voru meðalfjölskyldutekjurnar um 250.000 krónur 1998 (sbr. tafla I í viðauka við þennan kafla).

Á þessu fjögurra ára tímabili hækkaði kaupmáttur fjölskyldutekna eldri borgara minnst, eða um 15% á móti 30% hjá heildarhópnum. Mest var hækkun fjölskyldutekna í góðærinu hjá fólki á aldrinum 40-49 ára (37%), þá kom fólk á aldrinum 50-67 ára (33%) og loks voru tveir yngstu hóparnir með um 30% hækkun. Eldri borgarar hafa því dregist afturúr öðrum hópum á þessu síðasta góðæristímabili, hvað fjölskyldutekjur áhrærir. Í töflu I.1.2 er sýndur hlutfallsmunur milli aldurshópanna og kemur þar enn betur fram hvernig staða eldri borgara hefur breyst gagnvart heildarhópnum.

Tafla I.1.2: Fjölskyldutekjur hjóna og sambúðarfólks: Munur milli hópa
Hlutfall hvers aldurshóps af meðaltali allra.

	1998	1995
<u>Allir</u>	<u>100%</u>	<u>100%</u>
18-29 ára	88	88
30-39 ára	110	110
40-49 ára	119	114
50-67 ára	95	93
68-80 ára	54	61

Heimild: Þjóðmálakannanir, úrtök 4500 hvert ár.

Árið 1995, áður en góðærið hófst að ráði, voru eldri borgarar með um 61% af meðalfjölskyldutekjum allra borgara, 18 ára og eldri. Fjórum árum síðar var hlutfall eldri borgara af heildinni komið niður í 54%. Þannig er augljóst að eldri borgarar hafa dregist afturúr yngri hópnum sem eru á vinnumarkaði. Hins vegar er rétt að hafa í huga að staða eldri borgara er að sama skapi hlutfallslega betri þegar samdráttur er á vinnumarkaði og tekjur vinnandi fólks lækka, eins og var á tímabilinu milli 1989 og 1994. Þá lækka tekjur eldri borgara einnig minna, enda eru tekjur eldri borgara við núverandi kjarafyrirkomulag ekki jafnæmar fyrir sveiflum vinnumarkaðarins.

Á töflu I.1.3 eru sýndar samsvarandi upplýsingar fyrir einhleypa, fráskilda og ekkjur/ekkla. Þar er um að ræða meðaltöl fyrir samanlögð árin 1996 til 1998. Það var gert til að undirbyggja gögnin frekar, og talið nauðsynlegt vegna þess hve tiltölulega fáir einhleypir eru í einstökum aldurshópum. Tekjur fólks í þessum hópum virðast hafa breyst minna á tímabilinu en hjá hjónum og sambúðarfólki, en þó virðist raunaukning áberandi mest hjá einstaklingum á aldrinum 40-49 ára.

Heildarhópur einhleypa var með tæp 100 þúsund krónur að jafnaði í heildartekjur á mánuði, á tímabilinu, miðað við verðlag 1998. Hæstar voru tekjur fólks á aldrinum 30-39 ára (um 150.000 kr.), þá kom fólk á fertugsaldri (um 137.000),

síðan fólk á aldrinum 50-67 ára (102.000). Einhleypir eldri borgarar voru með nálægt 68.000 í heildartekjur á mánuði, og er það um 69% af meðaltekjum allra einhleypra á aldrinum 18-80 ára. Meðaltekjur einhleypra eldri borgara eru nálægt því að vera tæpur helmingur af meðaltekjum hjóna/sambúðarfólks í hópi eldri borgara.

Tafla I.1.3: Heildartekjur einhleypra, fráskilinna og ekkna/ekkla.

Allar tekjur. Meðaltöl fyrir árin 1996 til 1998 samanlögð. Miðgildi (medians).

	Meðaltekjur 1996-1998	Hlutfall af heildarhóp
Allir	99.000	100%
18-29 ára	87.000	88
30-39 ára	150.000	152
40-49 ára	137.000	138
50-67 ára	102.000	103
68-80 ára	68.000	69

Heimild: Sama og í töflu I.1.1

Í töflu I.1.4 er sýnd dreifing heildartekna meðal hjóna og sambúðarfólks árið 1998. Svarendum er skipt í tíu jafn stóra hópa og raðað eftir tekjum. Síðan er reiknað hverjar eru meðaltekjur í hverjum tíundahluta, og einnig er reiknað hve stór hluti af heildartekjum allra kemur í hlut meðlima hvers tíunda hluta tekjuþega. Þannig segir taflan til dæmis að þau 10% tekjuþega sem hafa lægstu tekjurnar eru með um 3,4% af heildartekjum allra, næsti hópurinn hefur um 5,1% heildartekna og síðan koll af kalli. Þau 10% tekjuþega sem hafa hæstar tekjur eru með um 21% heildarteknanna. Ef allir hefðu sömu tekjur þá kæmu 10% heildartekna í hlut hvers hóps. Dreifingin sýnir þannig frávikid frá jöfnuði og út frá þessum tölum má reikna handhæga stuðla, svo sem Gini og Atkinson stuðla, er sýna umfang ójafnaðar í dreifingu teknanna.²

Tafla I.1.4. Tekjudreifing hjóna/sambúðarfólks 1998.

Hlutdeild einstakra tíunduhluta tekjuþega af heildartekjum og meðalárstekjur í hverjum hópi

	Hlutfall hvers 10da hluta	Áætlaðar árstekjur í hverjum hópi
I	3,4%	1.149.900
II	5,1%	1.705.800
III	6,6%	2.197.900
IV	7,5%	2.497.500
V	8,7%	2.892.500
VI	9,6%	3.181.400
VII	10,8%	3.588.700
VIII	12,4%	4.118.700
IX	14,9%	4.962.500
X	21,0%	6.997.400


Heimild: Sama og í töflu I.1.1

² Sjá til dæmis A. B. Atkinson o.fl. (1996), *Income Distribution in OECD Countries* (París: OECD). Einnig Atkinson (1975), *The Economics of Inequality* (Oxford: Carendon Press).

Dreifing heildartekna meðal hjóna og sambúðarfólks er mjög áþekkt því sem fram kom í gögnum Þjóðhagsstofnunar fyrir hjón og sambúðarfólk á árinu 1997, en það eru nýjustu gögn Þjóðhagsstofnunar um tekjuskiptingu sem birt hafa verið.³ Þar sem breytingar á dreifingu tekna eru almennt frekar litlar milli einstakra ára má draga þá ályktun, að tekjugögn Félagsvísindastofnunar sem hér er unnið með séu í ágætu samræmi við upplýsingar Þjóðhagsstofnunar sem unnar eru úr skattskrá og eflir það traust á gögnunum, því þó svo að um allt annan uppruna gagna sé að ræða (gögn úr skattskrá og gögn úr símakönnunum meðal almennings) þá er útkoman hvað snertir almenna dreifingu tekna mjög áþekkt.

Á myndinni hér að neðan og í töflu I.1.5 má sjá nánar hvernig tekjuskiptingin er milli aldurshópa, en á mynd I.1.2 er sýnt hve hátt hlutfall hvers tekjuhóps kemur úr hverjum aldurshópi.

Sjá má að um 35% tekjulægsta hópsins eru á eftirlaunaaldri (en eldri borgarar eru hins vegar aðeins um 7% svarendahópsins alls), um 17% næst tekjulægsta hópsins er á eftirlaunaaldri og um 9% í þeim þriðja, en í tekjuhópum þar fyrir ofan eru fáir og raunar er nær enginn í þeim efstu á eftirlaunaaldri. Línan fyrir næstelsta aldurshópinn liggur líka niður á við eftir því sem ofar dregur í tekjuhópum, og sama má segja um þá yngstu, en fólk á aldrinum 30 til 50 ára er fjölmennast í hæstu tekjuhópunum.



Mynd I.1.2: Aldurssamsetning einstakra tekjuhópa hjóna/sambúðarfólks. Hlutfall hvers tekjuhóps (tíundarhluta) sem kemur úr hverjum aldurshópi.

Í töflu I.1.5 er hins vegar sýnt hve stórt hlutfall hvers aldurshóps er með tekjur á hverju tekjubili, skipt eftir tíundu hlutum tekjuþega, frá þeim lægstu til hinna hæstu.

Um 48% af eldri borgurum eru í hópi þess tíunda hluta tekjuþega sem lægstu tekjurnar hafa og önnur 24% eru í næstlægsta tekjuhópnum. Samanlagt eru það því um 72% eldri borgara sem eru í þessum tveimur lægstu tekjuhópum, þar sem 20% af öllum tekjuþegum þjóðarinnar 18 ára og eldri eru. Hjón og sambýlisfólk á aldrinum 50-67 ára eru með næststærsta hlutann í þessum tekjuhópum, en um 26% þess

³ Sjá Þjóðhagsstofnun (1999), Tekjur, eignir og dreifing þeirra árið 1997 (Reykjavík: Þjóðhagsstofnun).

aldurshóps eru með tekjur í tveimur lágstu hópunum og um 24% þeirra sem eru á aldrinum 18-29 ára.

Tafla I.1.5
Skipting aldurshópa á tekjubil 1998: Hjón og sambýlisfólk
 Hlutfall úr hverjum aldurshópi sem hefur heildartekjur
 innan hvers tíunda hluta tekjuþega

	18-29 ára	30-39 ára	40-49 ára	50-67 ára	68 og eldri
Tekjuþegar eftir tekjubilum:					
Lægstu 10%	13	3	3	11	48
10-20%	11	6	4	15	24
20-30%	13	9	9	10	12
30-40%	13	10	8	11	5
40-50%	11	11	9	11	6
50-60%	11	13	11	7	2
60-70%	9	11	13	10	1
70-80%	6	14	12	8	2
80-90%	7	11	16	8	1
Hæstu 10%	5	11	16	9	0
Alls	100%	100%	100%	100%	100%

Heimild: Þrjár þjóðmálakannanir Félagsvísindastofnunar 1998.
 Heildarúrtak 4500 manns, 18 ára og eldri.

Tekjuöflunarmöguleikarnir eru augljóslega mestir hjá fólki á aldrinum 40-49 ára, en um 32% þeirra eru í efstu tveimur tekjuhópunum og hjá fólki á aldrinum 30-39 ára er hlutfallið um 23%. Rétt er að minna á í þessu sambandi að hér er um að ræða heildarfjölskyldutekjur hjóna og sambúðarfólks. Fólkið í yngri hópunum hefur að öðru jöfnu fleiri á framfæri sínu og ber mun meiri skuldir af húsnæði og öðru en þeir sem eldri eru. Þessar tölur eru því ekki fullnægjandi sem mælingar á rauntekjum á mann.

I.1.2. Fátækt meðal eldri borgara Erlendur samanburður á stærð láglaunahópa.

Á síðustu tveimur áratugum hafa kannanagögn í mjög auknum mæli verið notuð við rannsóknir á tekjuskiptingu og fátækt.⁴ Rannsóknir á fátækt sem notast við þessar aðferðir og þessi gögn beinast að því að meta stærð og einkenni þess þjóðfélagshóps sem býr við lágur tekjur, það er tekjur undir skilgreindum fátæktarmörkum. Fátæktarmörkum eru skilgreind sem 50% af meðalfjölskyldutekjum á mann (median equivalent earnings). Fjölskyldutekjum er deilt niður á fjölskyldumeðlimi, eftir upplýsingum um samsetningu fjölskyldna, samkvæmt reiknireglu sem þróuð var hjá OECD samtökunum (the old OECD-equivalence scale), og byggir á þeirri forsendu að sambúðin feli í sér hagkvæmni sem nýtist meðlimum til kjara. Samkvæmt þessari

⁴ Merkasta framtakið á því sviði er stofnun svokallaðs LIS-gagnabanka (Luxembourg Incomes Study) þar sem gert hefur verið sérstakt átak til að gera gögn sambærileg milli landa. Góða lýsingu á þessu starfi og fyrstu niðurstöðum er að finna í bók Timothy M. Smeeding, M. O'Higgins og Lee Rainwater (1990), *Poverty, Inequality and Income Distribution in Comparative Perspective: The Luxembourg Incomes Study* (Washington: The Urban Institute Press). LIS gögn voru notuð í nýjustu OECD rannsókninni á tekjuskiptingu, sbr. Atkinson o.fl. (1996). Sjá einnig D. Mitchell (1991), *Income Transfers in Ten Welfare States* (Aldershot: Avebury).

formúlu við að reikna tekjur á hvern fjölskyldumeðlim þá fær fyrsti fullorðinn meðlimur stuðulinn 1,0, maki fær 0,75 og hvert barn fær 0,5. Hægt er að reikna bæði brúttótekjur (heildartekjur) og nettótekjur (ráðstöfunartekjur).

Þessi aðferð í rannsóknum á fátækt felur í sér skilning á hugtakinu fátækt sem hefur annmarka sem rétt er að hafa í huga við mat á niðurstöðum. Skilningurinn er sá að fátækt sé afstæð og taki mið af aðstæðum í þjófélaginu, í stað þess að hún sé altæk og mæld út frá föstum grunnstærðum (sem oftast á betur við í rannsóknum á fátækt í löndum þriðja heimsins). Þeir sem lenda undir afstæðum fátæktarmörkum, sem skilgreind eru út frá meðaltekjum í þjóðfélaginu, eru í reynd meðlimir lágtekjuhópsins í þjóðfélaginu, og aðferðin felur þannig í sér mælingu á stærð hans. Að vera fátækur samkvæmt þessum skilningi felst þá í því að búa við takmarkaða getu til að vera þátttakandi í venjulegum lífsháttum í þjóðfélaginu. Slík aðkoma að fátækt er algengust í vestrænum þjóðfélögum nútímans, og má til dæmis benda á skilgreiningu Evrópusambandsins frá 1984 á fátækt, sem er eftirfarandi: “Þeir einstaklingar, fjölskyldur eða hópar skulu teljast fátækir sem búa við svo takmarkaðar bjargir (efnahagslegar, menningarlegar og félagslegar-material, cultural and social resources) að þeir eru útilokaðir frá ásættanlegum lágmarkslífsháttum sem tíðkast í þjóðfélagi þeirra”.⁵ Skilgreiningin er að sönnu afstæð og almenn, og eina leiðin er sú að mæla fátækt með hliðsjón af frávikum frá meðalkjörum fólks í hverju þjóðfélagi. Ofangreind aðferð, að draga mörkin við 50% af meðalfjölskyldutekjum á mann, að teknu tilliti til mismunandi framfærslukostnaðar af einstökum fjölskyldumeðlimum, hefur mest verið notuð á þessum vettvangi á síðustu árum.


Félagsvísindastofnun hefur beitt þessum rannsóknaraðferðum á gögn úr þjóðmálakönnunum stofnunarinnar í norrænu samstarfsverkefni með skandinavískum sérfræðingum á sviði lífskjara- og fátæktarrannsókna.⁶ Þær forsendur fylgja gögnum Félagsvísindastofnunar að gagnanna er aflað með símakönnunum, en LIS-gögnin koma oftast úr heimsóknarkönnunum. Ekki er ástæða til að ætla að sá eðlismunur sé á gögnum sem aflað er með þessum tveimur aðferðum að forsendur samanburðar bresti. Þá er einnig nokkuð gott samræmi í niðurstöðum kannanagagna Félagsvísindastofnunar um dreifingu tekna meðal hjóna og sambúðarfólks og gagna Þjóðhagsstofnunar sem byggð eru á skattframtölum.⁷

Hér verða sýndar yfirlitsupplýsingar um umfang fátæktar í ólíkum aldurshópum. Síðan verður gerð tilraun til að bera saman gögn um fátækt meðal eldri borgara í vestrænum þjóðfélögum frá byrjun þessa áratugar, og er þar byggt sérstaklega á Lífskjarakönnun frá 1988 sem Félagsvísindastofnun gerði með heimsóknarviðtölum þar sem úrtakið var 2000 manns á aldrinum 18-75 ára. Þau gögn eru ágætlega sambærileg við LIS-gögnin. Þá verða sýndar upplýsingar um umfang fátæktar meðal eldri borgara á Íslandi á seinni hluta tíunda áratugarins, það er á tímabilinu 1997-1998, sem er gagnlegt að hafa til samanburðar við gögnin frá 1988. Loks verður fjallað um aðra þætti efnalegra lífskjara meðal eldri borgara, með erlendum samanburði. Þar er að finna upplýsingar um samsetningu tekna, vægi bótatekna af heildartekjum, hlutfall tekna eldri borgara af tekjum þeirra sem eru á vinnualdri (18-65/67 ára), og um velferðarútgjöld í ólíkum löndum.

⁵ Ívitnun í bók C. Cousins (1999), *Society, Work and Welfare in Europe* (London: Macmillan Press), bls. 142.

⁶ Sjá bókina *Den nordiska fattigdomens utveckling och struktur*, í ritstjórn A. Puide (1996)(Kaupmannahöfn: Norræna ráðherranefndin: TemaNord). Þar er vinnubrögðum lýst nánar. Sjá einnig lýsingu á íslensku í Karl Sigurðsson og Stefán Ólafsson: *Greinar og erindi um fátækt á Íslandi*. (Félagsvísindastofnun. Nóvember 1998).

⁷ Þrátt fyrir að LIS-gögnin séu betri en fyrri gögn til samanburðar á tekjuskiptingu milli landa þá eru enn einstakar takmarkandi forsendur sem fylgja, eins og lesa má nánar um í bók Atkinson o.fl. (1996).



Mynd I.1.3: Hlutfall fátækra (lágtekjufólks) í hverjum aldurshópi. Meðaltal árána 1986 til 1997.⁸ M.v. Heildartekjur.

Mynd I.1.3 sýnir heildaryfirlit um fátækt í einstökum aldurshópum á tímabilinu öllu, þ.e. niðurstöður um umfang fátæktar á hverju ári eru lagðar saman og dregið síðan fram meðaltal allra árána. Miðað er við heildartekjur (brúttótekjur fjölskyldunnar á hvern fjölskyldumeðlim: atvinnutekjur, bótatekjur, fjármagnstekjur og annað). Þessi framsetningarmáti er vel til þess fallinn að sýna almenna mynstrið í dreifingunni milli aldurshópa á tímabilinu öllu, en hann felur hins vegar breytingar sem orðið hafa innan tímabilsins.


Samkvæmt þessum niðurstöðum á mynd I.1.3 var hlutfall einstaklinga með heildartekjur undir stöðluðum fátæktarmörkuum hæst meðal yngsta aldurshópsins, 18-29 ára, um 14%, og næsthæst meðal eldri borgara, um 12%. Lægst var það hjá fólki á aldrinum 40-64 ára. Þessar niðurstöður lýsa ágætlega því mynstri sem ríkti í tekjudreifingunni á tímabilinu í heild. Það er reyndar þekkt úr rannsóknum á fátækt í öðrum löndum að mestar líkur hafa verið á því í iðnríkjunum að fólk lendi í fátækt á barnsaldri og á eftirlaunaaldrinum. Þetta hefur verið kallað “fátæktarhringur Rowntrees”, en hann var brautryðjandi í fátæktarrannsóknum í Bretlandi um aldarmótin síðustu.

Í velferðarríkjum síðustu áratuga hefur víða dregið úr fátækt meðal barnafjölskyldna og eftir því sem starfstengdu lífeyriskerfin í Skandinavíu hafa þroskast þá hefur sömuleiðis dregið úr fátækt meðal eldri borgara í þeim löndum.⁹ Rétt er að ítreka að tölurnar á mynd I.1.3 eru miðaðar við heildartekjur. Skattakerfið, vaxtabætur og barnabætur hafa einnig áhrif á dreifinguna til jöfnunar, þannig að ef miðað væri við ráðstöfunartekjur þá væru fátæktarhlutföllin nokkru lægri.

Lítum þá nánar á þróun fátæktar innan tímabilsins, á mynd I.1.4. Þar má sjá umfang fátæktar á einstökum tímabilum frá 1988 til 1998. Lagðar eru saman niðurstöður úr tiltækum könnunum fyrir minnst tvö ár.

⁸ Miðað er við heildarfjölskyldutekjur á mann (gross equivalent income).

⁹ R. Erikson og J. Fritzell (1988), “The Effects of the Social Welfare System in Sweden on the Well-Being of Children and the Elderly”, í J. L. Palmer o.fl. (ritstj.), *The Vulnerable* (Washington: The Urban Institute Press). Einnig Peter Hedström og Stein Ringen, (1990), “Age and Income in Contemporary Society”, í Smeeding o.fl. (1990).



Mynd I.1.4: Þróun fátæktar 1988 til 1998 meðal eldri borgara og meðal allra á aldrinum 18-75 ára.
M.v. heildartekjur.

Gögn vantar fyrir 1990 og 1994, og þar sem fáar kannanir voru tiltækar á tímabilinu 1991-3 voru lagðar saman niðurstöður fyrir þrjú ár í því tilviki. Nauðsynlegt er að leggja saman nokkrar kannanir þegar notuð eru gögn fyrir einstaka undirhópa, því talsverðar sveiflur eru í niðurstöðum innan skekkjumarka, sem eru stór þegar um fámennari hópa er að ræða. Gögnin ættu að gefa þokkalega vísbendingu um þróun fátæktar eða stærð lágtekjuhópsins á tímabilinu. Sýnd er útkoman fyrir heildarhópin (fólk á aldrinum 18-75 ára) og sérstaklega fyrir fólk á aldrinum 65-75 ára.

Umfang fátæktar meðal heildarhópsins jókst lítillega fram til 1995. Það virðist tengjast hinni miklu aukningu atvinnuleysis sem varð eftir 1990 og einnig auknum ójöfnuði í tekjuskiptingunni, eins og fram hefur komið í árlegum skýrslum Þjóðhagsstofnunar um skiptingu tekna og eigna. Einnig tengist þessi mælda aukning á heildarumfangi fátæktar fjölgun þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur á tímabilinu. Eftir að úr atvinnuleysinu dró, frá og með 1996, minnkaði umfang fátæktar, og sömuleiðis tók tekjuskiptingin að jafnast lítillega, auk þess sem styrkþegum Félagsmálastofnunar Reykjavíkur fækkaði.¹⁰ Á sama tíma virðist þó sem nokkuð hafi fjölgað aðstoðarbeiðnum hjá Hjálparstofnun kirkjunnar og fleiri sambærilegum aðilum.

Þegar litið er sérstaklega á þróun fátæktar meðal eldri borgara kemur í ljós í frumgögnunum að langtímaþróun er til fækkunar í hópnun. Það er eins og vænta mátti þegar haft er í huga að á hverju ári bætast við nýir lífeyrisþegar sem hafa meiri réttindi úr starfstengdu lífeyrissjóðunum en þeir sem fyrir eru í hópi eldri borgara. Þannig verða áhrif lífeyrissjóðanna til þess að draga úr fátækt meðal eldri borgara með endurnýjun í hópnun, eftir því sem lífeyrissjóðakerfið skilar meiri réttindum. Þetta er sambærilegt við þróunina sem varð í Skandinavíu, eins og fram kemur í grein

¹⁰ Sjá meira um það í Stefán Ólafsson og Karl Sigurðsson (1996), "Poverty in Iceland", í framan- greindri bók A. Puide (ritstj.) og Ársskýrslur Félagsmálastofnunar Reykjavíkur 1990-1997.

Erikson og Fritzells (1988). Þróunin kemur til síðar hér á landi vegna þess að aðild að lífeyrissjóðum varð skylduð síðar en í grannríkjunum (þróunin í Danmörku er þó að nokkru leyti frábrugðin þróuninni í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi). Þessi jákvæða framvinda á Íslandi bætir hins vegar ekki hag þeirra sem þegar eru orðnir eftirlaunamenn og ekki náðu að safna sér umtalsverðum réttindum úr lífeyrissjóðunum.

Prengingarnar á vinnumarkaðinum sem komu fram í auknu atvinnuleysi 1993-95 hafa án efa einnig snert eldri borgara eins og sjá má á mynd I.1.4, því stór hluti þeirra stundar launaða vinnu að einhverju leyti. Atvinnutekjur eru óvenju stór hluti af heildartekjum þeirra samanborið við önnur vestræn þjóðfélög, eins og sýnt verður síðar í þessum kafla. Þetta kemur þannig fram í aukningu fátæktar meðal eldri borgara í kringum 1995, sem virðist vera frávik frá langtímapróunina til minnkandi fátæktar í þeirra hópi. Útkoman fyrir síðasta tímabilið, 1997-8, bendir hins vegar til áframhaldandi minnkunar fátæktar í hópnum.

En hvernig standa eldri borgarar hér á landi samanborið við eldri borgara í nágrannalöndunum, hvað fjárhagsafkomu snertir? Til að varpa nokkru ljósi á það verða sýnd hér samanburðargögn fyrir tímabilið 1985-90, og einnig síðar í kaflanum ráðstöfunartekjur og hlutdeild bótatekna fyrir fjögur norræn lönd frá árinu 1994, þ.e. fyrir Danmörku, Finnland, Svíþjóð og Ísland. Þá verða einnig sýndar samanburðarupplýsingar um velferðarútgjöld með tilliti til mismunandi stærðar hóps eldri borgara í OECD-löndunum.

Tafla I.1.6

**Umfang fátæktar meðal eldri borgara
og meðal íbúa á aldrinum 20-59 ára á tímabilinu 1985-90**

Ráðstöfunartekjur. Gögn fyrir Ísland frá 1988 og 1997-98.

	Allir, 20 ára og eldri	25-59 ára	65/67 ára og eldri
Ísland 1988	7,8	6,0	12,4
Ísland 1997-98	6,8	5,5	4,3
Svíþjóð	4,9	2,6	1,4
Noregur	3,5	2,9	2,6
Finnland	4,1	1,6	3,9
Danmörk	5,3	--	--
Holland	5,8	3,5	0,2
Frakkland	8,5	8,0	1,9
Kanada	10,9	10,9	4,9
Ástralía	9,1	9,3	5,2
Þýskaland	5,8	5,3	5,3
Bretland	13,2	11,0	9,2
Sviss	7,4	5,8	11,9
Bandaríkin	17,9	17,8	17,5
Meðaltal (óvegið)	8,0	7,1	6,4

Heimildir: W. Korpi og J. Palme (1998), R. Hauser (1998) og Lífskjarakönnun Félagsvísindastofnunar 1988. Tala Íslands 1997-98 er ekki talin með í meðaltali allra landanna.

Í töflu I.1.6 er sýndur samanburður á umfangi fátæktar meðal eldri borgara í nokkrum vestrænum löndum á seinni hluta níunda áratugarins (1985-90). Erlendu gögnin koma úr LIS-rannsókninni en íslensku gögnin byggja á niðurstöðum sem unnar eru úr lífskjarakönnun sem Félagsvísindastofnun gerði hér á landi 1988 og tölurnar fyrir 1997-1998 eru úr samanlögðum fimm þjóðmálakönnunum. Reiknaðar eru ráðstöfunartekjur fjölskyldna á hvern fjölskyldumeðlim, þ.e. heildartekjur eru

leiðréttar miðað við skattbyrði hvers tíunda hluta tekjuþega eins og hún hefur verið á fyrri hluta tíunda áratugarins. Að hluta er um áætlanir að ræða og fylgja íslensku gögnunum því fyrirvarar, en þegar grannt er skoðað í samanburði milli annarra ríkja með LIS gögnunum, þá er oft um sambærilega fyrirvara að ræða. Að teknu tilliti til helstu kosta og galla gagnanna er það mat Félagsvísindastofnunar að íslensku gögnin gefi þokkalega vísbendingu um hagi Íslendinga í þessu tilliti á þessum tíma. Hins vegar er ljóst, eins og þegar er fram komið, að umfang fátæktar meðal eldri borgara hefur minnkað umtalsvert á Íslandi eftir 1988. Til að gera grein fyrir þeirri breytingu eru birtar tvær talnaseríur fyrir Ísland, annars vegar frá 1988 og hins vegar frá 1997-98. Þessi samanburður er mikilvægur þó ekki sé hægt að fá nýrri sambærileg gögn fyrir hin löndin frá LIS á þessu stigi.

Almennt mælist minnst fátækt í skandinavísku löndunum og í Hollandi, og er það þekkt meðal vestrænna fræðimanna á þessu sviði. Þá er hlutfalla fátækra eldri borgara lágt í Frakklandi. Þá er einnig þekkt að fátækt mælist almennt mikil í Bandaríkjunum, Bretlandi og Kanada, og Ástralir hafa einnig oft mælst með tiltölulega mikla fátækt.

Umfang fátæktar meðal Íslendinga á aldrinum 20-75 ára var nærri meðallagi landanna sem taflan nær til árið 1988, tæp 8%, en hafði lækkað í 6,8% árin 1997-98. Fyrir fólk á vinnualdri, 25-59 ára var hlutfall fátækra heldur lægra en meðaltal landanna 1988 og hafði einnig lækkað lítillega 1997-98. Umfang fátæktar meðal aldraðra á Íslandi var hins vegar í hærri kantinum 1988, og voru Íslendingar þar í félagsskap með Bandaríkjunum, Sviss og Bretlandi.

Þessi niðurstaða fyrir eldri borgara á Íslandi kemur nokkuð á óvart, en þegar sambærileg tala er reiknuð fyrir Ísland á árunum 1997 til 1998 (samanlögð niðurstaða úr 5 könnunum á þeim árum) þá er niðurstaðan 4,3%, eða rétt rúmlega þriðjungur af því sem var árið 1988. Þarna gætir áhrifa af þeim breytingum sem sýndar voru á mynd I.1.4 og endurspeglar sívaxandi áhrif starfstengdu lífeyrissjóðanna á tekjur eftirlaunafólks. Þá kann skattkerfisbreytingin 1997 að hafa haft einhver áhrif á afkomu eldri borgara í þessu tilliti, og aukin tekjutenging bótakerfisins hefur stuðlað að jöfnun innan hóps eldri borgara, með því að bótatekjurnar fara nú í ríkari mæli til lágtekjuhópsins um leið og þær urðu skertar frekar hjá þeim sem aðrar tekjur hafa en almannatryggingalífeyri (eignatekjur, atvinnutekjur og betri lífeyri úr starfstengdu lífeyrissjóðunum).¹¹

Niðurstaðan fyrir eldri borgara á Íslandi árin 1997-8 er samt í hærri lagi samanborið við hin norrænu löndin í töflunni, sem og ef saman er borið við Holland og Frakkland. Einnig er hugsanlegt að umfang fátæktar meðal eldri borgara hafi minnkað í einhverjum hinna landanna á tímabilinu, sérstaklega meðal norrænu þjóðanna, en um það er þó ekki hægt að fullyrða. Hins vegar virðist ljóst að þessum gögnum að Ísland er í dag ekki lengur í hópi þeirra þjóða þar sem eldri borgarar eru í mestum mæli í lágtekjuhópunum, eins og var fyrir áratug síðan. Heildarniðurstaðan er því sú, að Ísland var á eftir í þessu tilliti við upphaf tíunda áratugarins en fátækt meðal eldri borgara hefur minnkað mjög ört á tímabilinu, einkum fyrir áhrif lífeyrissjóðanna.

En hvers vegna skyldi hlutfallslegt umfang fátæktar meðal eldri borgara hafa verið tiltölulega mikið á Íslandi um 1988, samanborið við grannríkin? Stór hluti skýringarinnar hefur þegar verið nefndur, þ.e. frekar lítil áunninna

¹¹ Rétt er einnig að hafa í huga að stór hluti eldri borgara er í hópi þeirra sem eru með tekjur nálægt fátæktarmörkum, eins og fram kom á mynd I.1.2, og þarf því tiltölulega litlar breytingar til að færa hluta þeirra upp eða niður fyrir mörkin, enda er útkoma þeirra úr könnunum einstakra ára nokkuð sveiflukennd. Samlagning niðurstaðna úr mörgum könnunum, eins og hér er gert, dregur hins vegar úr því flökti.

lífeyrisréttinda úr starfstengdu lífeyrissjóðunum. Við þær aðstæður byggðist afkoma eldri borgara í ríkari mæli á lífeyri almannatrygginga (grunnlífeyri, tekjutryggingu, og séruppbótum) og þær bótagreiðslur hafa lengi verið frekar lágar á Íslandi samanborið við flestar vestrænar þjóðir. Upplýsingar um það má sjá á töflum I.1.7 og I.1.8.

I.1.3. Hlutur velferðarríkisins

Á töflu I.1.7 má sjá samanburð á stærð hópa eldri borgara, og útgjöldum til lífeyrisgreiðslna og þjónustu á Norðurlöndum. Miðað er við heildarútgjöld, það er bæði opinber útgjöld og útgjöld einkaaðila (einkum lífeyrissjóðanna hér á landi).

Tafla I.1.7

Hlutfall eldri borgara af íbúafjölda, lífeyrisgreiðslur og þjónusta við aldraða á Norðurlöndum 1996

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
65 ára og eldri % íbúa	15,1	14,3	11,3	15,9	17,5
Lífeyrisgreiðslur % VLF	12,6	13,4	5,7	9,1	13,7
Útgjaldahlutfall ¹²	0,83	0,94	0,50	0,57	0,78
Meðallífeyrir á mánuði (Í.kr.)	102.472	71.726	56.616	78.939	90.350
Munur (Ísland=100)	181	127	100	139	160
Munur kaupmáttar lífeyrisgr. á mán.	157	117	100	112	135
Þjónusta v.aldraða og öryrkja % VLF	3,3	1,8	2,0	3,4	3,9

Heimild: Þjóðhagsstofnun (1999), Búskapur hins opinbera 1997-8, bls. 44-45.

Hér má sjá að á Íslandi eru eldri borgara hlutfallslega færri en í hinum norrænu löndunum og útgjöld vegna lífeyrisgreiðslna eru einni langlægst hér. Þegar útgjöld eru borin saman að teknu tilliti til mismunandi stærðar hóps eldri borgara (línan “útgjaldahlutfall”) þá kemur í ljós að hlutur Íslands er enn minnstur. Það bendir til lægri lífeyrisgreiðslna á mann hér á landi, sem aftur er niðurstaðan í fjórðu línunni, sem sýnir meðalupphæð lífeyrisgreiðslna á mánuði, í íslenskum krónum talið. Þar kemur fram að meðallífeyririnn er 27% hærri í Finnlandi, 39% hærri í Noregi, 60% hærri í Svíþjóð og 81% hærri í Danmörku. Þegar enn fremur er tekið tillit til mismunandi verðlags og lífeyrisgreiðslur bornar saman að teknu tilliti til kaupmáttarmunar (lína 6) má sjá að munurinn er enn Íslandi í óhag, þ.e. kaupmáttur heildarlífeyris var frá 12% og upp í 57% hærri í grannríkjunum á Norðurlöndum á árinu 1996.

Loks má sjá í töflunni að Finnar verja lægstu hlutfalli af þjóðarframleiðslu til þjónustu við aldraða (1,8%), þá koma Íslendingar (2%), en hinar þjóðirnar vörðu 3,3-3,9% af þjóðarframleiðslu til þessa liðar. Það virðist því ljóst af þessu að íslenska velferðarríkið greiði eldri borgurum hlutfallslega minna í lífeyri en grannþjóðirnar á Norðurlöndum, enn sem komið er.

Á töflu I.1.8 má sjá frekari samanburð í þessum anda. Að þessu sinni er byggt á gögnum frá OECD fyrir árið 1995 og ná útgjaldatölur einkum til opinberra útgjalda. Sýnt er hlutfall útgjalda vegna lífeyrisgreiðslna til aldraðra (pensions), hlutfall aldraðra af íbúafjölda, og síðan er þessum tveimur stærðum deilt saman til að fá mynd af hlutfallslegum útgjöldum að teknu tilliti til mismunandi stærðar hóps aldraðra í

¹² Hlutfall útgjalda deilt með hlutfalli aldraðra af íbúafjölda, þ.e. línu 1 deilt með línu 2. Því hærra sem hlutfallið er því hærri eru heildarútgjöldin hlutfallslega á hvern einstakling í hópi aldraðra.

ólikum löndum. Þá er einnig í töflunni sýnt hver heildarútgjöld til velferðarmála voru sama árið, en það er gagnlegt að hafa einnig til hliðsjónar, því ekki er tryggt að öll útgjöld sem fara til eldri borgara séu flokkuð sem ellilífeyrir, heldur geta þau í sumum tilvikum til dæmis flokkast sem heilbrigðisútgjöld eða önnur félagsleg útgjöld.

Tafla I.1.8
**Útgjöld til ellilífeyris og stærð lífeyrisþegahópsins
 í OECD-löndum 1995**

	Útgjöld til ellilífeyris % VLF	Hlutfall aldræðra af íbúafjölda	Útgjaldahlutfall aldræðra (dálkur 1/dálkur 2)	Heildarútgjöld til velferðarmála % af VLF
Ástralía	3,3	11,8	0,28	15,1
Ísland	4,2	11,1	0,38	19,5
Noregur	6,4	16,0	0,40	29,1
Kanada	4,9	12,0	0,41	20,1
Japan	5,9	14,0	0,42	13,0
Írland	4,9	11,5	0,43	20,8
Danmörk	6,8	15,4	0,44	31,0
Sviss	7,1	15,7	0,45	20,5
Bretland	7,2	15,7	0,46	23,7
Portúgal	6,7	14,4	0,47	17,5
Bandaríkin	6,5	12,7	0,51	16,4
Svíþjóð	10,3	17,5	0,59	38,5
Spánn	9,0	14,9	0,60	22,4
Belgía	9,6	15,7	0,61	26,8
Holland	8,6	13,4	0,64	30,5
Nýja Sjáland	7,5	11,7	0,64	22,9
Grikkland	10,1	15,2	0,66	16,8
Þýskaland	11,2	16,0	0,70	29,8
Finnland	9,9	14,0	0,71	34,0
Frakkland	11,7	15,1	0,77	28,8
Austurríki	12,9	15,0	0,86	25,6
Ítalía	13,6	15,8	0,86	25,0
Meðaltal	8,1	14,3	0,56	24,0

Heimild: OECD, SOCX (Social Expenditures, heimasíða OECD).


Hér má sjá að útgjöld til ellilífeyris á Íslandi eru rúmlega helmingur af meðaltali allra landanna og að hlutfall aldræðra (65 ára og eldri) er 3,2% stigum lægra á Íslandi en meðaltal allra. Útgjöld að teknu tilliti til mismunandi stærðar hóps eldri borgara í löndunum er aftur með lægsta móti á Íslandi (um 0,38 á móti meðaltalinu sem er 0,56). Mismunandi stærð hópa eftirlaunamanna skýrir þannig hluta af minni útgjöldum til lífeyris og velferðarmála hér á landi, en hann skýrir þó ekki allan muninn. Lífeyrisútgjöld á mann eru í reynd lítil hér á landi.

Heildarútgjöld til velferðarmála eru einnig með minna móti samanborið við hin OECD löndin. Þau lönd sem hafa minni útgjöld til velferðarmála en Ísland, samkvæmt mælingu OECD, eru Japan, Ástralía, Bandaríkin, Grikkland og Portúgal. Frændþjóðirnar á Norðurlöndum og sumar þjóðanna á meginlandi Evrópu eru með mun meiri útgjöld til velferðarmála en Ísland. Þegar sérstaklega er hugað að útgjöldum til ellilífeyris og stærð hópa aldræðra vekur athygli að Norðmenn og Danir eru hér með tiltölulega lágt hlutfall, líkt og Ísland, og vîkur það nokkuð frá niðurstöðunni í töflu I.1.7, sem byggir á gögnum NOSOSKO tölfræðinefndarinnar sem nær til heildarútgjalda (bæði opinberra- og einkaútgjalda). Þar hefur verið lögð meiri áhersla á sambærileika gagna og virðist því ástæða til að byggja frekar á þeim

upplýsingum. Í OECD gögnin vantar enda útgjöld einkaaðila. Þá er einnig nokkurt misræmi hugsanlegt í því hvernig þjóðirnar flokka útgjaldabættina, til dæmis er talið að í Danmörku sé talsverð skörun milli heilbrigðisútgjalda og félagsmálaútgjalda.

Það kann að vera takmarkandi að einhverju leyti að bera saman útgjöld til ellilífeyris og stærð hópa eldri borgara ein og sér, samkvæmt þessum gögnum OECD. Fleiri þættir velferðarútgjaldanna skila sér á endanum til eldri borgara en einungis þeir sem flokkast sem ellilífeyrir, til dæmis þjónustuútgjöld, sjúkradagpeningar o.fl. Hvað sem þessu misræmi líður virðist ljóst að útgjöld til ellilífeyris eru frekar lítil hér á landi, miðað við það sem tíðkast á Vesturlöndum, hlutfallslega séð. Það ásamt niðurstöðum NOSOSKO-nefndarinnar sem fram komu í töflu I.1.7 bendir til þess að lífeyrir eldri borgara sé enn í lægri kantinum hér á landi, og hann var það í enn meiri mæli á síðasta áratug. Það gæti því skýrt hvers vegna svo stór hluti íslenskra eldri borgara lenti í láglaunahópnum (undir fátæktarmörkum) árið 1988, eins og fram kom í töflu I.1.6.

Á mynd I.1.5 er áfram freistað þess að skýra þetta með því að sýna sambandið milli umfangs fátæktar (eða stærðar láglaunahópsins) meðal eldri borgara og umfangs velferðarútgjalda. Ef velferðarríkið nær því markmiði sínu að draga úr fátækt meðal eldri borgara, ætti að vera beint og neikvætt samband milli stærðar velferðarríkisins og umfangs fátæktar, þannig að þar sem heildarútgjöld til velferðarmála eru meiri þar sé fátækt meðal eldri borgara minni.¹³ Það er og niðurstaðan á myndinni og er sambandið allsterkt, eða neikvæð fylgni upp á 0,70 sem telst frekar mikið í rannsóknum af þessu tagi.



Mynd I.1.5: Samband milli velferðarútgjalda og hlutfalls aldraðra í láglaunahópi. Láglaunahópur: hlutfall með minna en 50% af meðalráðstöfunartekjum á mann

Bandaríkin höfðu hæst hlutfall eldri borgara undir fátæktarmörkum um 1985-90 og þeir voru ásamt Áströlum með lægst hlutfall þjóðarframleiðslu sem varið var til velferðarmála, á heildina litið. Miðað við hin lágu útgjöld Ástralía til velferðarmála hefði vissulega mátt vænta þess að fleiri aldraðir lentu undir fátæktarmörkum í Ástralíu. Ástæðan fyrir því að svo er ekki er hins vegar sú, að Ástralir ganga óvenju

¹³ Þetta er þekkt niðurstaða úr rannsóknum á umfangi fátæktar á Vesturlöndum. Sjá t.d. A. B. Atkinson o.fl. (1996) og P. Hedström og S. Ringen (1990), “Age and Income in Contemporary Society”.

langt í því að tekjutengja bætur almannatrygginga, eða öllu heldur í því að skerða bætur til fólks sem hefur milli og hærri tekjur. Grunnbæturnar hjá þeim eru hins vegar nægilega rúmar til að fleyta lífeyrisþegum í ólíkum aðstæðum upp fyrir fátæktarmörk í miklum mæli.¹⁴

Þar sem Íslendingar hafa fært sig nær Áströlum í þessu efni, með fyllri tekjutengingu ellilífeyris almannatrygginga og auknum rétti í starfstengdum lífeyrissjóðum á þessum áratug, mætti ætla að Íslendingar hafi í dag færst nær Áströlum og Kanadamönnum í staðsetningu á línuritinu, með minna umfang fátæktar en áfram með lítil velferðarútgjöld. Tölur um fátækt meðal eldri borgara á Íslandi fyrir tímabilið 1997-1998, sem vitnað var til í umfjöllun við töflu I.1.6, styðja það, en ekki liggja enn fyrir samanburðargögn frá hinum löndunum fyrir allra síðustu ár.

Svisslendingar voru á svipuðu róli og Íslendingar við lok níunda áratugarins og Bretar voru innan seilingar. Þá er fátækt meðal eldri borgara í Kanada heldur minni en ætla mætti af umfangi velferðarútgjalda, og virðist mega þakka það stórum hlut lífeyrissjóða hjá þeim (sem ekki teljast með í tölum OECD um ellilífeyri í töflu I.1.8), ásamt víðtæku kerfi grunnlífeyris almannatrygginga. Þó eru tiltölulega margir aldraðir í Kanada sem búa nærri fátæktarmörkum.¹⁵

Þjóðirnar sem að öðru jöfnu búa við minnsta fátækt meðal eldri borgara eru skandinavísku þjóðirnar, Hollendingar, Frakkar og Þjóðverjar, sem eiga það sameiginlegt að búa að vel þroskuðum starfstengdum lífeyrissjóðakerfum og víðtækum velferðarkerfum öðrum, sem jafna kjör og veita tiltölulega rúmar lágmarkstekjur í samfélaginu.

Næst sýnum við samanburð fleiri lífskjarabátta sem þessu tengjast, í töflu I.1.9. Þar er sýnt hversu stór hluti ráðstöfunartekjur á hvern lífeyrisþega (net equivalent income) eru af meðalráðstöfunartekjum á mann meðal þeirra sem eru undir eftirlaunaaldri.¹⁶

Tafla I.1.9
Hlutfall meðaltekna lífeyrisþega af tekjum fólks sem er á vinnualdri
Ráðstöfunartekjur á mann 1985-92

	65-74 ára
Ísland 1988	80,8
Portúgal 1990	72,0
Ítalía 1989	78,8
Danmörk 1992	81,5
Bretland 1991	81,6
Grikkland 1988	88,1
Írland 1987	90,8
Belgía 1992	91,1
Lúxemborg 1985	95,8
Kanada 1991	98,4
Spánn 1990	99,0
Þýskaland (V) 1989	100,2
Bandaríkin 1991	101,4
Holland 1991	104,3
Frakkland 1989	104,4

Heimild: Richard Hauser (1998) og Lífskjarakönnun Félagsvísindastofnunar 1988.

¹⁴ Sjá um það í Francis G. Castles (1996), “Needs-Based Strategies of Social Protection in Australia and New Zealand”, í bók G. Esping-Andersen, *Welfare States in Transition* (London: Sage).

¹⁵ John Myles (1996), “When Markets Fail: Social Welfare in Canada and the United States”, í Esping-Andersen, ofangreind ívitnun.

¹⁶ Gögnin koma úr grein eftir Richard Hauser (1998), “Adequacy and Poverty Among the Retired”, sem unnin var úr LIS-gagnabankanum, fyrir *International Social Security Association*, og er greinin birt á heimasíðu OECD samtakanna.

Fyrr í þessum kafla voru sýndar tölur um hlutfall heildartekna eldri borgara af tekjum allra 18 ára og eldri. Hér er miðað við ráðstöfunartekjur fjölskyldna á hvern fjölskyldumeðlim og því búið að taka tillit til jöfnunaráhrifa skattkerfisins. Þessi samanburður bendir enn til þess að hlutur ellilífeyrisþega hér á landi hafi verið í rýrari lagi á þessum tíma samanborið við margar aðrar vestrænar þjóðir, eins og tölurnar um fátækt gáfu vísbendingu um. Það er ef til vill eins og vænta mátti, þegar haft er í huga að starfstengda lífeyrissjóðakerfið hér er almennt yngra en í hinum löndunum og uppsöfnuð lífeyrisréttindi því minni hér, enn sem komið er. Íslendingar voru þarna á svipuðu róli og Ítalir, Danir (sem þykja hafa einna rýrasta lífeyriskerfið á Norðurlöndum), og Bretar (sem eru þekktir fyrir að greiða frekar lágan lífeyri til eldri borgara). Enn er ástæða til að ítreka hér að nýjar tölur fyrir tímabilið 1997-98 benda til að Íslendingar hafi verulega bætt stöðu sína að þessu leyti.

Að lokum skoðum við hér gögn um hlut bótatekna meðal fjögurra norrænna þjóða, sem undirstrikar frekar að hlutur íslenska velferðarkerfisins er minni í heildartekjum einstaklinga og fjölskyldna hér á landi, en í mörgum grannríkjanna á Vesturlöndum, bæði meðal eldri borgara og annarra aldurshópa. Gögnin eru að þessu sinni byggð á úrvinnslu skattframtala í viðkomandi löndum og birt í töfluviðauka við skýrslu NOSOSKO um almannatryggingakerfi norrænu þjóðanna 1995. Þjóðhagsstofnun vann íslensku tölurnar.

Tafla I.1.10

Hlutur bótatekna af heildartekjum fólks á Norðurlöndum 1994

	Ísland	Danmörk	Finnland	Svíþjóð
Einhleypir:				
Allir 18 ára og eldri	22	46	47	43
20-44 ára	11	28	29	29
45-64 ára	17	36	38	30
65 ára og eldri	78	85	91	85
Hjón/sambúðarfólk:				
Allir 18 ára og eldri	12	22	29	30
20-44 ára	8	15	21	21
45-64 ára	5	17	25	19
65 ára og eldri	48	77	86	78

Heimild: NOSOSKO 1996, Social tryghed i de nordiske lande 1995 (reiknað úr töfluviðauka). Skv. Þjóðhagsstofnun var hlutur bótatekna hjóna og sambúðarfólks 1996 rúmlega 69%, sbr. "Skýrsla um stöðu eldri borgara" (1998).

Hér má sjá að bótatekjur (frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum samanlagt) eru í öllum tilvikum töluvert minni hluti af heildartekjum fólks á Íslandi en í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð. Ætla má að hlutur bótatekna sé einnig hærri í Noregi en á Íslandi. Í reynd er munur milli landanna hlutfallslega meiri í yngri aldurshópunum en meðal eldri borgara. Hvað yngri aldurshópna snertir þá er lítill hlutur bótatekna af heildartekjum þeirra afleiðing af frekar lágum greiðslum til barnafólks (meðal annars vegna víðtækra tekjutenginga barnabóta og vaxtafrádráttar vegna húsnæðiskostnaðar). Hvað eldri borgara snertir er lágt hlutfall bótatekna í senn afleiðing lágra bóta frá almannatryggingakerfinu, minni áunninna lífeyrisréttinda og meiri atvinnuþátttöku.

Á heildina litið virðist því ljóst, að íslenska velferðarkerfið er eitt það ódýrasta sem finnst meðal hagsælli þjóðanna. Það veitir bótatekjur sem eru tiltölulega lágar, en beinir þeim í miklum mæli til þjóðfélagshópa sem hafa litlar aðrar tekjur, almennt séð. Lágar upphæðir grunnbóta gera það hins vegar að verkum að þeir sem þurfa að lifa af bótatekjum einum hér á landi búa við þröngan kost samanborið við það sem er hjá mörgum nágrannaþjóðanna, hvort sem um er að ræða eldri borgara, öryrkja, langveika eða atvinnulausa.

I.1.4. Raunverulegar ráðstöfunartekjur Minni velferðarforsjá, meiri vinna og lægri skattar á Íslandi

Umfjöllunin hér að framan bendir til þess að opinber velferðarforsjá sé með minna móti á Íslandi samanborið við vestrænu hagsældarríkin í OECD samtökunum. Hins vegar segir það ekki alla söguna um raunverulegar ráðstöfunartekjur einstaklinga, hvort sem um er að ræða eldri borgara eða aðra. Íslendingar hafa mikla sérstöðu í skipan lífskjaramála sinna. Til mótvægis við frekar litla opinbera velferðarforsjá vinna Íslendingar almennt mikið. Meðal þjóðarinnar allrar er atvinnuþátttaka mikil, tvær fyrirvinnur á heimili eru algengari hér á landi en víðast á Vesturlöndum, og meðalvinnuvika fólks er með allra lengsta móti.¹⁷ Meiri vinna skilar meiri heildartekjum. Við það bætist svo, að vegna hinnar tiltölulega litlu opinberu velferðarforsjár er skattheimta með minna móti á Íslandi, samanborið við grannríkin á Norðurlöndum og á meginlandi Evrópu. Þetta gildir líka um lífskjör eldri borgara hér á landi. Þeir vinna mikið og bera litla skatta og það bætir kjarastöðu þeirra, þegar öllu er á botninn hvolft. Þetta verður sýnt í næstu tveimur töflum.

Í töflu I.1.11 má sjá umfang atvinnuþátttöku meðal eldri borgara í OECD löndunum árið 1995.

Ljóst er að Íslendingar skera sig algerlega úr hópi vestrænna ríkja hvað snertir mikla atvinnuþátttöku eldri borgara. Hjá helmingi þjóðanna stundar innan við tíundi hver karl, 65 ára eða eldri, launaða vinnu, en á Íslandi eru það rúmlega fjórir af hverjum tíu sem vinna fyrir einhverjum tekjum. Rúmlega 30% kvenna stunda sömuleiðis einhverja launaða vinnu hér á landi, sem einnig er miklu algengara en í hinum löndunum. Japanir koma okkur næst, með um 37% karla og um 15% kvenna. Atvinnuþátttaka eldri borgara er að öðru jöfnu algengari meðal þjóða þar sem landbúnaður er stór atvinnugrein, eins og í Portúgal, Írlandi og Grikklandi. Þar fyrir utan virðist einnig nokkurt samband milli atvinnuþátttöku eldri borgara og minni velferðarútgjalda, svo sem hjá Íslendingum, Japönum, Bandaríkjamönnum, Svisslendingum og Kanadamönnum. Þó er atvinnuþátttaka einnig nokkur í Noregi og Svíþjóð, þó hún sé einungis um eða innan við þriðjungur af því sem er á Íslandi. Minnst er atvinnuþátttaka eldri borgara hjá þjóðunum á meginlandi Evrópu, sem búa við annars konar almannatryggingakerfi en við, og sem að auki hafa búið við umtalsvert atvinnuleysi á undanförunum árum.

Sérstaða Íslendinga hvað þetta mál varðar er þannig alger. Hin mikla atvinnuþátttaka eldri borgara sem hér tíðkast kann í senn að orsakast að nokkru leyti af hinni hóflegu opinberu velferðarforsjá, síðbúnum þroska lífseyrissjóðakerfisins og góðu atvinnuástandi til lengri tíma. Atvinnuþátttakan, og þær tekjur sem hún færir eldri borgurum, skiptir miklu um efnahagsleg lífskjör aldraðra hér á landi, samanborið

¹⁷ Sjá nánar um það í bók Stefáns Ólafssonar (1990), *Lífskjör og lífshættir á Norðurlöndum: Samanburður á þjóðfélagi Dana, Finna, Íslendinga, Norðmanna og Svía* (Reykjavík: Iðunn).

við önnur lönd. Atvinnuþátttakan eykur ráðstöfunartekjur þeirra sem á annað borð geta stundað launaða vinnu.

Tafla I.1.11
Atvinnuþátttaka meðal eldri borgara í OECD ríkjum
 Karlar og konur 65 ára og eldri

	Karlar	Konur
Ísland	43,6	31,8
Japan	37,3	15,6
Portúgal	21,2	9,4
Bandaríkin	16,8	8,8
Sviss	15,8	9,0
Írland	15,1	3,0
Noregur	14,9	9,0
Svíþjóð	13,9	5,1
Grikkland	11,7	3,7
Kanada	10,1	3,3
Nýja-Sjáland	9,8	2,8
Ástralía	9,2	2,5
Bretland	8,2	3,2
Austurríki	6,1	2,6
Ítalía	5,8	1,6
Holland	5,4	0,9
Finnland	5,1	2,0
Danmörk	4,7	0,9
Þýskaland	4,2	1,5
Spánn	2,9	1,4
Lúxemborg	2,6	1,1
Frakkland	2,5	1,2
Belgía	2,3	1,0

Heimild: OECD, Labour Force Statistics

Minni skattheimta en í flestum grannríkjanna hjálpar svo frekar við að gera meiri ráðstöfunartekjur úr atvinnutekjunum. Það gerir að verkum að eldri borgarar hér á landi enda að jafnaði með tiltölulega góðar ráðstöfunartekjur samanborið við frændþjóðirnar á Norðurlöndum, þrátt fyrir minni velferðarforsjá í formi bóta frá almannatryggingum. Þetta má sjá á töflu I.1.12, sem sýnir raunverulegar ráðstöfunartekjur ólíkra þjóðfélagahópa á Íslandi, Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð árið 1994. Ráðstöfunartekjur eru allar tekjur samanlagðar (atvinnutekjur, bótatekjur og aðrar tekjur) að frádregnum beinum sköttum (tekju- og eignasköttum).

Almennt er það svo að ráðstöfunartekjur eru í öllum tilvikum hærrí á Íslandi en í Finnlandi, enda hafa þjóðartekjur á mann lengi verið hærrí á Íslandi en í Finnlandi. Þetta er einnig í samræmi við það sem fram kom í ítarlegri samanburðarrannsókn á lífskjörum á Norðurlöndum 1988, að vel flestir hinna fjölmörgu þátta lífskjaranna sem rannsakaðir voru komu mun betur út á Íslandi en í Finnlandi. Ef við lítum sérstaklega á hóp einhleypra, þ.e. 18 ára og eldri, þá má sjá að ráðstöfunartekjur Íslendinga voru árið 1994 lægri en hjá Dönnum og Svíum, en hærrí en hjá Finnum.

Ef við berum saman ráðstöfunartekjur hóps hjóna/sambúðarfólks, 18 ára og eldri, þá koma Íslendingar enn betur út úr samanburðinum. Tekjurnar eru þá hæstar í Danmörku en næsthæstar á Íslandi og síðan ögn lægri í Svíþjóð.

Tafla I.1.12

Raunverulegar ráðstöfunartekjur á Norðurlöndum 1994

Tölur eru í Evru með leiðréttingu vegna mismunandi kaupmáttar (PPP gildi)

	Ísland	Danmörk	Finnland	Svíþjóð
Einhleypir:				
Allir 18 ára og eldri	8865	10484	7626	9592
20-44 ára	9948	9974	7875	9510
45-64 ára	11758	13234	9415	12566
65 ára og eldri	9214	9408	7378	9420
Hjón/sambúðarfólk:				
Allir 18 ára og eldri	12326	13987	10149	12194
20-44 ára	11094	13031	9507	10517
45-64 ára	14668	16484	11530	14896
65 ára og eldri	11429	9966	8747	10934


Heimild: NOSOSKO (1996), *Social trygghed i de nordiske lande 1995*. Reiknað úr talnaviðauka.¹⁸

Á mynd I.1.6 má sjá hlutfallslega muninn milli landanna, annars vegar fyrir allan hópinn (18 ára og eldri) og hins vegar fyrir eldri borgara (65 ára og eldri), aðgreint fyrir einhleypa og hjón eða sambúðarfólk.

Hlutfallslegur munur einhleypa eldri borgara er jafnvel minni en er fyrir allan hóp einhleypa, því ráðstöfunartekjur þeirra voru þetta árið svipaðar í Danmörku, Svíþjóð og á Íslandi (102% af tekjunum á Íslandi), en tekjurnar voru mun lægri í Finnlandi, eða um 80% af því sem þær voru á Íslandi.

Hlutfallslegur munur á ráðstöfunartekjum hjóna og sambúðarfólks í hópi eldri borgara var Íslendingum enn hagstæðari í þessu tilliti, því tekjurnar voru hæstar á Íslandi að jafnaði.

¹⁸ Íslensku gögnin eru unnin af Þjóðhagsstofnun fyrir NOSOSKO nefndina.



Mynd I.1.6: Munur ráðstöfunartekna allra og eldri borgara á Norðurlöndum 1994

Í Danmörku höfðu hjón og sambúðarfólk að jafnaði um 87% af meðaltekjum íslenskra hjóna í hópi eldri borgara, í Finnlandi höfðu þau 77% en í Svíþjóð voru ráðstöfunartekjurnar áþekkar, eða um 96% af þeim íslensku. Það virðist því sem hjón og sambúðarfólk í hópi eldri borgara hafi hvað hæstar ráðstöfunartekjur á Íslandi á Norðurlöndum. Þessi niðurstaða er þó ekki vegna umfangsmikils opinbers velferðarforsjárkerfis á Íslandi, heldur þvert á móti hefur víðtæk atvinnuþáttaka eldri borgara og tiltölulega lítil skattheimta mest áhrif á það að ráðstöfunartekjur eldri borgara hér á landi eru sambærilegar við það sem best er á Norðurlöndum, þegar allt er saman lagt.

Nýlegar athyglisverðar rannsóknir á vegum OECD annars vegar og rannsóknarhóps við Félagsvísindastofnun Stokkhólmsháskóla í Svíþjóð sýna einmitt að raunverulegar ráðstöfunartekjur eldri borgara ráðast ekki eingöngu af umfangi opinbera velferðarkerfisins og upphæð lífeyrisbóta. Kjörin mótast af heildaraðstæðum í þjóðfélagsumhverfinu, það er að segja samspili milli atvinnutekna, bótatekna, opinberrar velferðarforsjár og skattheimtu. Þær þjóðir sem mestu verja til opinbera velferðarkerfisins hafa jafnframt mesta skattheimtu, sem einnig leggst á eldri borgara og aðra lífeyrisbótaþega. Það er því alls ekki traust vísbending um raunverulega velferð eldri borgara að bera einungis saman milli landa útgjöld til opinbera velferðarkerfisins, eða til ellilífeyrisgreiðslna. Nettólífeyrisgreiðslur (lífeyrir að frádregnum sköttum) eru mun jafnari milli landa en brúttólífeyrisgreiðslur.¹⁹

¹⁹ Sjá OECD (1998), Resources During Retirement. Maintaining Prosperity in an Ageing Society: the OECD Study on Policy Implications of Aging (Working Paper AWP 4.3) og Asa Forsell o.fl. (1999),

En hvernig rímur þessi góða útkoma sem hér kemur fram við þá niðurstöðu sem fram kom fyrir í kaflanum, að hlutfall eldri borgara sem lenda undir stöðluðum fátæktarmörkum sé heldur hærra á Íslandi en hjá hinum Norðurlandþjóðunum? Það bendir til þess að ójöfnuður tekjuskiptingarinnar hjá eldri borgurum sé heldur meiri á Íslandi en hjá hinum þjóðunum. Það stafar einkum af því, að þeir eldri borgarar sem ekki geta stundað launaða vinnu á Íslandi, og þeir sem ekki hafa miklar eignatekjur né hafa heldur unnið sér inn rúm lífeyrissjóðaréttindi, bera skarðan hlut frá borði hér. Þeir hafa fyrst og fremst lífeyristekjur frá almannatryggingakerfinu og þær eru lágar samanborið við það sem er hjá grannþjóðunum.

Niðurstaðan er því sú, að það sé umtalsverður munur innan hóps eldri borgara á Íslandi hvað snertir efnahagslega afkomu, einkum milli eldri og yngri eldri borgara. Þeir sem eldri eru geta síður bætt afkomuna með atvinnutekjum og hafa að auki aflað sér minni réttinda í starfstengdu lífeyrissjóðunum á starfsferlinum. Við það bætist síðan oft versnandi heilsa og minnkandi færni. Þetta fólk er háðara grunnlífeyri almannatrygginga sem veitir almennt frekar lök lífskjör. Að sumu leyti má segja að útkomunni svipi til þess ástands sem einn af frumkvöðlum lífskjararannsókna á Bretlandseyjum, Richard Titmuss, benti á snemma á sjötta áratugnum, að í framtíðinni yrðu tvær þjóðir í hópi eldri borgara; þeir sem hafa áunnið sér góð lífeyrisréttindi í starfstengdum lífeyrissjóðum á starfsferlinum og hinir, fátækari hlutinn, sem þurfa að byggja afkomu sína að stærstum hluta á mögnum lífeyrisbótum opinbera velferðarkerfisins.²⁰ Titmuss talaði í þessu sambandi um “the two nations of welfare”.

Sú óánægja með efnahagsleg lífskjör sem verið hefur meðal eldri borgara á Íslandi undanfarið á líklega stærstar rætur í þessum mun sem þarna er fyrir hendi, ásamt því að eldri borgarar hafa dregist afturúr öðrum hópum í góðærinu síðustu árin, þó óánægja með fyrirkomulag lífeyriskerfisins og víðtækar tekjutengingar bótagreiðslna geti einnig lagst á sömu vogaskál. Þegar fjallað er um aðstæður og úrræði vegna lífskjara eldri borgara er því nauðsynlegt að taka tillit til þessa munar á aðstæðum og möguleikum sem er innan hóps eldri borgara hér á landi.


“Unequal Public Transfers to the Elderly in Different Countries-Equal Disposable Incomes”, grein í *European Journal of Social Security*, árg. 1, nr. 1, bls. 63-89.

²⁰ Sjá nánar um það í P. Johnson og J. Falkingham (1992), *Ageing and Economic Welfare* (London: Sage), bls. 81.

I.2. HÚSNÆÐISAÐSTÆÐUR.

Í umfjöllunum um hagi eldri borgara í nágrannalöndunum, meðal annars á vegum OECD samtakanna, er algengt að lítið sé til eignarstöðu eldri borgara sem mikilvægs kjarapáttar. Sá þáttur eignarstöðu sem skiptir almenning mestu máli er auðvitað eign íbúðarhúsnæðis. Eldri borgarar á Íslandi standa vel að þessu leyti samanborið við það sem er í öðrum vestrænum löndum, því hér er almennara en víðast að fólk búi í eigin húsnæði. Hér verður gerð grein fyrir nokkrum þáttum eignarstöðu eldri borgara með umfjöllun um eignir, skuldir og greiðskubyrði af húsnæði.


Þegar verið er að meta kjör aldraðra er mikilvægt að hafa í huga að útgjöld þeirra eru af ýmsum ástæðum mun minni en þeirra sem yngri eru. Munar þar mest um minni skuldir vegna húsnæðiskaupa, námslána og annarra lána sem fylgja stofnun heimilis og fjölskyldu. Á mynd I.2.1 má sjá skuldastöðu aldraðra í samanburði við þá sem yngri eru, úr könnun frá 1995. Tölurnar hafa verið færðar til verðlags í febrúar 1999.



Mynd I.2.1. Skuldir fólks, skipt eftir aldri. M.v. 1995.

Samkvæmt þessum tölum skulda aldraðir að jafnaði fremur lítið, eða tæp 700 þús. kr. vegna húsnæðiskaupa, ekkert í námslán og um 100 þús. í aðrar skuldir. Þetta eru svipaðar heildarskuldir og þeirra sem eru á aldrinum 18-24 ára. Aldurshópurinn þar fyrir ofan skuldar mest, eða um 4 milljónir að jafnaði, einkum vegna húsnæðis, en einnig yfir hálf milljón í námslán. Vitað er að skuldir heimilanna hafa aukist talsvert frá því þessi könnun var gerð, en gera má ráð fyrir að munur aldurshópa sé áþekkur.


Jafnframt er lítið um að eldri borgarar lendi í vandræðum af fjárhagslegum toga, hvort heldur er vegna húsnæðisskulda eða vegna hefðbundinna útgjalda heimilisins, eins og sjá má á næstu mynd (mynd I.2.2). Aðeins um 4% þeirra segjast hafa lent í vandræðum með að standa í skilum með húsnæðislán, á móti um fjórðungi þeirra sem eru á aldrinum 25 til 44 ára, og aðeins um 2% hafa lent í vandræðum vegna annarra útgjalda heimilisins á móti rúmum þriðjungi fólks á aldrinum 25 til 44 ára.



Mynd I.2.2. Hlutfall fólks sem hefur lent í vandræðum með að standa í skilum með húsnæðislán og hefðbundin útgjöld heimilisins. Greint eftir aldurshópum.

Þá er ljóst að langflestir eldri borgara, 65 til 75 ára, búa í eigin húsnæði, eða um 97%, eins og fram kemur á mynd I.2.3.


Rúmlega 10% þeirra sem eru 18-24 ára búa í eigin húsnæði og rúmlega 55% þeirra búa hjá foreldrum eða ættingjum. Þetta er sá aldurshópur sem mest er á leigumarkaði (hátt í 20% hópsins). En í reynd er það svo að meira en 90% af fólki á aldrinum 45 til 75 ára býr í eigin húsnæði, og er það án efa með því allra hæsta sem þekktist í hinum vestræna heimi.²¹



Mynd I.2.3. Eignarhald íbúðarhúsnæðis. Samanburður kynslóða.

Gögnin á mynd I.2.3 ná til eldri borgara að 75 ára aldri. Ljóst er að með hærri aldri flytja fleiri í sambýli og þjónustubúðir eða á stofnanir. Hlutfall eldri borgara sem búa í eigin húsnæði er því lægra hjá þeim eldri í hópi eldri borgara. Þetta kemur glögglega í ljós á næstu mynd sem sýnir húsnæðisaðstæður fólks að 80 ára aldri.


²¹ Vel þekkt er að eignarhald almennings á íbúðarhúsnæði er óvenju almennt á Íslandi. Í Bretlandi bjó um 52% eldri borgara í eigin húsnæði 1988. Heimildir: Johnson og Falkingham (1992), *Ageing and Economic Welfare*, bls. 67. Einnig Stefán Ólafsson (1990), *Lífskjör og lífshættir á Norðurlöndum*.



Mynd I.2.4: Húsnæðisaðstaður fólks 20-80 ára-ítarlegri greining. Meðaltal 1994-98.

Hér kemur fram að um 90% fólks á aldrinum 68-80 ára býi í eigin húsnæði. Einhverjir þeirra sem búa í þjónustubúð eða sambyli eru einnig í eigin húsnæði. Þeir sem eru á aldrinum 75-80 ára búa því augljóslega í mun minni mæli í eigin húsnæði en fólk sem er 67-75 ára.


Raunveruleg eign kynslóðanna í húsnæðinu er einnig mismikil, eins og sjá má betur á mynd I.2.5, en þar hefur áætluðu söliverði (m.v. árið 1995) verið deilt út á alla svarendur, hvort sem þeir eiga húsnæði eða ekki. Sú aðferð gefur betri mynd af heildareign “kynslóðanna” heldur en ef eingöngu er litið á þá sem eiga húsnæði. Til samanburðar er á myndinni fasteignamat húsnæðisins, sem gefur svipaða mynd, en nokkru lægri tölur.



Mynd I.2.5. Meðaleign hvers aldurshóps í íbúðarhúsnæði, í þúsundum króna.


Þeir elstu eiga samkvæmt þessu mati að jafnaði um 9 milljónir í húsnæði. Eign fólks á aldrinum 45 til 66 ára er hins vegar meiri að jafnaði, eða um 10 og hálf

milljón, miðað er við áætlað söliverð. Eign næstu kynslóðar þar fyrir neðan er að jafnaði rúmar 7 milljónir, en þeir yngstu eiga að jafnaði innan við milljón í íbúðarhúsnæði, enda fáir í þeim aldurshópi sem eiga íbúðarhúsnæði.



Mynd I.2.6. Húsnæðiseign og hlutur skulda af húsnæðiseigninni, m.v. 1995. Greint eftir aldri.

Í framhaldi af þessu er athyglisvert að bera saman heildareign (áætlað söliverð) og skuldur vegna húsnæðis. Á myndinni hér að ofan (mynd I.2.6) má sjá að hlutfall húsnæðisskulda af áætlaðri heildareign í húsnæði er mjög lágt hjá þeim sem komnir eru á eftirlaunaaldur, samanborið við um 40% hjá aldurshópnum 25 til 44 ára. Hrein eign í húsnæði var rúmlega 8 milljónir m.v. markaðsaðstæður 1995. Sú eign hefur aukist með verðhækkunum á fasteignum á síðustu misserum. Þá er athyglisvert hve stóran hluta af húsnæðinu fólk á aldrinum 45-66 ára á sem hreina eign.




Mynd I.2.7: Skuldastaða og mánaðarlegar afborganir aldurshópanna.


Loks má sjá á mynd I.2.7 að mánaðarlegar afborganir af húsnæðislánum eru að jafnaði innan við 5 þús. kr. hjá eldri borgurum, en yfir 25 þús. hjá þeim sem eru 25 til 44 ára. Þetta er eðlilega í samræmi við áhvílandi skuldur vegna húsnæðis, en til samanburðar eru dregnar inn línur sem sýna húsnæðisskuldur þessara aldurshópa.

Þegar allt er saman tekið virðist ljóst að eignarstaða eldri borgara á Íslandi er góð samanborið við það sem almennt er í vestrænum þjóðfélögum.

Viðauki I: Aukamyndir



Mynd A1: Fjölskyldutekjur hjóna og sambúðarfólks 1986-1998. Meðaltalstölur.




Mynd A2: Hlutfall undir fátæktarmörku. Miðað við heildartekjur. Meðaltal 1986-95 og 1996-98.

II. MAT ELDRI BORGARA Á LÍFSKJÖRUM SÍNUM

II.1. Ánægja með efnahagsleg lífskjör

Í þessum kafla er fjallað um huglægt mat eldri borgara á lífskjörum sínum, svo sem fjárhagsafkomu, heilsufari, heimilislífi og ánægju með lífið almennt. Þetta er önnur aðkoma að mælingum á lífskjörum en beinn samanburður á tekjum, bótagreiðslum og velferðarþjónustu. Í ljósi þess hve allur samanburður á tekjum er þrátt fyrir allt takmarkaður má segja að ánægja fólks sé ekki síður fullgildur mælikvarði á lífsgæði. Sá mælikvarði endurspeglar eins konar heildarmat frá sjónarhóli einstaklinganna og hlýtur að skipta máli. Hitt er þó ljóst, að mikið samband er milli ánægju fólks með líf sitt og efnahagslegra mælinga á lífskjörum.²²

Bæði verður gerður samanburður á milli aldurshópa innan íslenska samfélagsins og samanburður á ánægju með einstaka þætti lífskjara milli 15 vestrænna þjóða. Þannig má fá mynd af stöðu eldri borgara hér á landi gagnvart sömu þjóðfélagshópum nágrannalandanna.




Mynd II.1.1: Ánægja eldri borgara (65-75 ára) með fjárhagsafkomu fjölskyldunnar: 15 OECD lönd 1990.

Fyrsta myndin sýnir ánægju eldri borgara í fimmtán vestrænum löndum með fjárhagsafkomu fjölskyldunnar árið 1990, en ekki eru til sambærileg gögn frá öðrum

²² Sbr. Stefán Ólafsson (1990), *Lífskjör og lífshættir á Norðurlöndum* (Reykjavík: Iðunn) og sami höfundur (1996), *Hugarfar og hagvöxtur: Menning, þjóðfélag og framfarir á Vesturlöndum* (Reykjavík: Félagsvísindastofnun), kafla 14.

löndum fyrir seinni ár. Útkoma Íslendinga er góð í þessum samanburði, því þrátt fyrir að íslenska þjóðin sem heild sé í neðri kantinum í slíkum samanburði þá eru eldri borgarar á Íslandi í fjórða til fimmta efsta sæti af fimmtán, með þjóðum eins og Kanadamönnum, Dönun, Hollendingum og Bandaríkjamönnum. Norðmenn og Svíar fylgja svo í humátt. Minnst er ánægja með fjárhagsafkomu meðal eldri borgara í Portúgal, Spáni, Frakklandi og Bretlandi. Þessi útkoma fyrir Íslendinga bendir annað hvort til þess að efnahagsleg lífskjör eldri borgara séu, þegar allt er saman talið, tiltölulega góð á Íslandi, eða þá hitt, að eldri borgarar á Íslandi séu sérstaklega nægjusamir.

Hins vegar er athyglisvert það sem fram kemur á mynd II.1.2 að ánægja eldri borgara með fjárhagsafkomu sína hér á landi hefur minnkað umtalsvert frá 1990 til 1999.



Mynd II.1.2: Ánægja með fjárhagsafkomu fjölskyldunnar 1990 og 1999. Samanburður aldurshópa. Kvarði: 0=mjög óánægðir; 10=mjög ánægðir


Árið 1990 voru eldri borgarar ánægðastir með fjárhagsafkomuna en fólk á aldrinum 18-44 ára var óánægðast. Í reynd var beint samband milli ánægju með fjárhagsafkomu og hækkandi aldurs. Nú árið 1999 hafði samband ánægju með fjárhagsafkomu og aldurshópa snúist við, þannig að eldri borgarar voru orðnir óánægðastir og sambandið milli aldurs og ánægju orðið öfugt. Það er reyndar í nokkru samræmi við þá niðurstöðu sem fram kom í fyrri kaflanum, að eldri borgarar hafa dregist lítilliga afturúr í tekjuþróun síðustu ára samanborið við yngri aldurshópana (sjá töflu I.1.1). Það vekur spurningar um hvort staða Íslendinga í fjölþjóðlegum samanburði, líkt og á mynd II.1.1, gæti hafa versnað í dag, ef samanburðargögn væru fyrir hendi. Því er hins vegar ekki hægt að svara á þessu stigi.

II.2. Ánægja eldri borgara með heilsufar og aðra þætti lífskjara

Í þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar í maí 1996 var spurt nokkurra spurninga um líkamlega og andlega heilsu fólks.²³


²³ Þessi könnun var gerð fyrir heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið og Landlæknisembættið (Heilsuefning). Hér eru niðurstöður settar fram með annarri aldursskiptingu en þá var gert.

Ef fyrst er hugað að mati fólks á líkamlegri heilsu sinni má sjá nokkurn mun á aldurshópum. Eldra fólk telur, eins og búast má við, heilsu sína almennt lakari en þeir sem yngri eru. Skýrist það einkum af versnandi heilsu karlanna í hópnum eins og sjá má af myndum II.2.3 og 4.



Mynd II.2.3: Finnst þér líkamleg heilsa þín góð, sæmileg eða slæm þessa dagana?
 Meðaltal hópanna, greint eftir aldri og kyni.²⁴
 Kvarði frá 0-10 (0=mjög slæm, 10=mjög góð).

Í sömu könnun var spurt um andlega líðan fólks, þ.e. hvort fólki líði vel, sæmilega eða illa. Á mynd II.2.4 má sjá niðurstöður greindar eftir aldurshópum og kyni. Þar er athyglisverður munur á líðan kynjanna eftir aldri.




Mynd II.2.4: Hvernig líður þér andlega þessa dagana?
 Meðaltal hópanna, greint eftir aldri og kyni.
 Kvarði frá 0-10 (0=mjög illa, 10=mjög vel).

²⁴ Svarmöguleikar voru fimm, en hér eru þeir færðir á kvarða frá 0-10.

Konur í yngsta aldurshópnum eru ekki eins ánægðar með andlega líðan sína og karlar á sama aldri, en í hópi eldri borgara er það öfugt, það er eldri karlar eru ekki eins ánægðir með líðan sína og eldri konur.

Spurt var einnig hversu oft fólk finni fyrir streitu. Elsti hópurinn finnur almennt síður til streitu en þeir sem yngri eru og kemur það heim og saman við niðurstöður úr könnun á lífsskoðunum Íslendinga 1990 sem rætt verður um hér á eftir.



Mynd II.2.5: Myndir þú segja að þú myndir oft fyrir streitu, af og til, eða næstum aldrei? Meðaleinkunn hópanna greind eftir aldri og kyni. Meðaleinkunn frá 1-3 (1=næstum aldrei, 2=af og til og 3=oft).

Ef skoðuð er tíðni kemur í ljós að algengara er að karlar finni oft til streitu en konur, en á móti kemur að fleiri karlar finna næstum aldrei til streitu en konur. Þegar allt er samanlagt má segja að yngri konur kvarti meira um streitu en yngri karlar, en eldri konur verða í minna mæli fyrir streitu en eldri karlar. Almennt eru eldri borgarar minna streittir en fólk í yngri aldurshópnum.

Í könnun á lífsskoðunum Íslendinga 1990 var spurt nokkurra spurninga um andlega líðan fólks. Þegar svör við þeim spurningum eru greind eftir aldurshópum má fá nánari mynd af líðan fólks á ólíkum skeiðum lífshlaupsins (tafla II.2.1).

Ef fyrst er spurt um einmanaleika og einangrun frá öðru fólki þá er heldur hærra hlutfall meðal eldri borgara en yngra fólks sem segist vera einmana, um 16% á móti 9-11%, en munurinn er hins vegar ekki tölfræðilega marktækur. Þannig er ekki hægt að segja á grundvelli þessara upplýsinga að eldri borgarar séu í meiri mæli einmana en yngra fólk. Eldri borgarar segja hins vegar sjaldnar að þeim leiðist og á það einnig við um fólk á aldrinum 45-66 ára.

Þegar beint er spurt um þunglyndi eða óhamingju segja færri úr hópi eldri borgara að þeir finni til slíks, en sá munur er hins vegar ekki marktækur. Næst í röðinni er eirðarleysi og eru eldri borgarar marktækt minna þjakaðir af þeim kvilla. Þar er reyndar um að ræða beint samband milli aldurs og umfangs eirðarleysis, þannig að yngsta fólkið er eirðarlausast.

Tafla II.2.1: Svör við spurningum um andlega líðan 1990. Aldurshópagreining.


Hefur þér einhvern tíma á síðustu vikum fundist þú vera...?	Hlutfall sem svarar játandi %
Mjög einmana eða einangraður(uð) frá öðru fólki	
<i>Allir</i> ^{em}	10,6
18-24 ára	11,2
25-44 ára	9,0
45-66 ára	11,6
67-80 ára	16,4
	<i>Látuð þér leiðast</i>
<i>Allir</i> ^{**}	21,6
18-24 ára	25,9
25-44 ára	25,1
45-66 ára	14,0
67-80 ára	13,1
Þunglynd(ur) eða mjög óhamingjusamur(söm)	
<i>Allir</i> ^{em}	6,9
18-24 ára	9,5
25-44 ára	5,4
45-66 ára	9,6
67-80 ára	3,3
Svo eirðarlaus að þú gast ekki verið lengi kyrr	
<i>Allir</i> ^{***}	24,8
18-24 ára	32,8
25-44 ára	27,9
45-66 ára	17,0
67-80 ára	13,1
Stolt(ur) vegna þess, að þér hafði verið hrósað fyrir eitthvað sem þú hafðir gert	
<i>Allir</i> ^{***}	43,4
18-24 ára	50,0
25-44 ára	51,8
45-66 ára	29,3
67-80 ára	19,7
	<i>Sérstaklega spenn(ur) fyrir einhverju eða áhugasamur(söm) um eitthvað</i>
<i>Allir</i> ^{***}	61,9
18-24 ára	67,2
25-44 ára	70,1
45-66 ára	51,2
67-80 ára	32,8
Alsæl(l), fundist lífið dásamlegt	
<i>Allir</i> ^{em}	62,6
18-24 ára	63,5
25-44 ára	66,5
45-66 ára	56,0
67-80 ára	55,7
Ánægð(ur) með að hafa náð einhverju marki (komið einhverju í verk)	
<i>Allir</i> [*]	78,9
18-24 ára	77,6
25-44 ára	83,1
45-66 ára	74,1
67-80 ára	70,5
Á réttri leið, að allt gengi þér í haginn	
<i>Allir</i> ^{em}	84,3
18-24 ára	83,5
25-44 ára	85,6
45-66 ára	84,1
67-80 ára	78,7

Eldra fólkið og það yngsta segir sjaldnar að það sé stolt vegna þess að því hafi verið hrósað fyrir eitthvað sem það hefur gert. Hið sama á við um þá upplifun að hafa verið sérstaklega spenntur eða áhugasamur um eitthvert viðfangsefni, en það er fátíðara meðal eldri borgara.

Loks er athyglisvert í tveimur síðustu liðunum í töflu II.2.1 að ekki er marktækur munur milli aldurshópa hvað snertir ánægju með að hafa náð einhverju marki eða komið einhverju í verk, og að finnast maður vera á réttri leið, þ.e. að allt gangi manni í haginn. Í seinna dæminu er heldur lægra hlutfall eldri borgara sem jatar því að hafa á könnunartímanum fundist allt ganga viðkomandi í haginn, en munurinn er ekki marktækur.

Þegar haft er í huga að heilsufar hamlar eldri borgurum í meiri mæli en þeim yngri þá eru þetta afar athyglisverðar niðurstöður um mun á líðan milli aldurshópa og hljóta almennt séð að teljast jákvæðar fyrir eldri borgara.

En hvernig standa eldri borgarar hér á landi í eigin mati á heilsufari, samanborið við aðrar vestrænar þjóðir? Vísbendingu um það má fá af svörunum á mynd II.2.6, þar sem saman eru borin svör við almennri spurningu um heilsufar.



Mynd II.2.6: Hvernig myndir þú lýsa heilsufari þínu þessa dagana?
Eldri borgarar í 15 OECD löndum. Meðaleinkunn á kvarða frá 1 (mjög slæmt) til 5 (mjög gott).


Hér má sjá að Íslendingar eru í sjötta efsta sæti af fimmtán og er þó ekki marktækur munur á Íslandi og þeim fjórum þjóðum sem eru í næsta sæti þar fyrir ofan. Þannig er óhætt að segja að heilsufar eldri borgara á Íslandi er samkvæmt eigin mati með besta móti. Þegar haft er í huga að Íslendingar lifa að jafnaði lengur en samanburðarþjóðirnar sem þarna koma við sögu má enn frekar ítreka góða útkomu Íslendinga í þessu samhengi. Rétt er þó að hafa í huga í þessu sambandi að fólk segir í

mörgum tilvikum að því líði vel eða að heilsan sé góð þó fólk sé þjakað af einhverjum heilsubresti eða heilsufarslegum hömlum. Það á auðvitað í meiri mæli við um nægjusama og þrautseiga einstaklinga.


Jákvæð afstaða til eigin heilsufars og líðanar er auðvitað mikilvægur lífsgæðapáttur út af fyrir sig og ljóst er að eldri borgarar á Íslandi hafa hana í ríkum mæli.

II.3. Sjálfstjórn og ánægja með lífið.

Þegar spurt eru hversu mikla stjórn fólk telur sig hafa á því hvaða stefnu líf þess tekur og hversu mikla stjórn það hefur á lífi sínu, kemur í ljós að miðaldra og eldra fólk telur sig hafa heldur minni stjórn á velgengni sinni en það sem yngra er.




Mynd II.3.1: Hversu mikið valfrelsi og stjórn finnst þér þú hafa á lífi þínu og velgengni? Meðaleinkunn aldurshópa 1990.
(Einkunn á bilinu 0-10, þar sem 0= alls ekkert og 10=mjög mikið).



Mynd II.3.2: Hversu mikið valfrelsi og stjórn finnst þér þú hafa á lífi þínu og velgengni? Meðaleinkunn aldurshópa eftir kyni.
(Einkunn á bilinu 0-10, þar sem 0= alls ekkert og 10=mjög mikið).

Ef til vill er þó athyglisverðast við mynd II.3.1 hve lítil munur er milli aldurshópa í mati á sjálfsstjórn og valfrelsi um það hvernig líf manns þróast. Á seinni myndinni er síðan sérstaklega athyglisvert að sjá mun kynjanna í þessum efnum. Í hópi eldri borgara eru karlar mun meira á þeirri skoðun að þeir ráði miklu um það hvernig lífi þeirra vindur fram en konurnar.


Að lokum eru hér sýndar upplýsingar um ánægju með heimilislíf og heildaránægju fólks með líf sitt hér á landi og í samanburði milli þjóða, á myndum II.3.3 til II.3.5.



Mynd II.3.3: Ánægja með heimilislífið 1990. Meðaleinkunn aldurshópa.


Beint samband er milli aldurs og ánægju með heimilislífið, þannig að eldri borgarar segja í ríkari mæli en þeir yngri að þeir séu ánægðir með heimilislíf sitt.

Þegar spurt er um ánægju fólks í ólíkum aldurshópum með lífið almennt kemur fram heldur meiri ánægja meðal eldri borgara, en munurinn er ekki nógu mikill til að teljast tölfræðilega marktækur.



Mynd II.3.4: Hve ánægð(ur) ert þú með lífið þessa dagana þegar á heildina er litið? Meðaleinkunn aldurshópa greind eftir kyni.

Í yngri aldurshópunum virðast konur bera sig heldur betur en karlar en því er ekki að skipta í elsta hópnunum. En hversu ánægðir eru eldri borgarar á Íslandi með líf sitt almennt séð, samanborið við eldri borgara í öðrum vestrænum ríkjum? Það má sjá á mynd II.3.5.



Mynd II.3.5: Ánægja með lífið almennt. Eldri borgarar í 15 OECD ríkjum 1990.


Hér má að lokum sjá að eldri borgarar á Íslandi bera sig best í þessum hópi 15 vestrænna ríkja. Næstir Íslendingum í þessu efni eru Kanadamenn, Bandaríkjamenn og Svíar. Minnst er ánægjan með lífið hins vegar hjá Portúgölum og Spánverjum, þar sem vitað er að lífskjör eru almennt verri en í norð-vestur Evrópu og Norður Ameríku. Þá er einnig athyglisvert hve lítt ánægðir eldri borgarar í Þýskalandi, Frakklandi og Ítalíu eru.

Almennt má því segja að eldri borgarar á Íslandi hafi við upphaf þessa áratugar verið í fremstu röð meðal vestrænna þjóða hvað snertir eigin mat á mörgum lífskarapáttum og ánægju með lífið almennt.

Að lokum er hér sýndur samanburður á mati eldri borgara á lífskjörum sínum og fjölskyldu sinnar frá árinu 1988 og nú aftur árið 1999, til að fá betri mynd af stöðu eldri borgara nú á dögum. Upplýsingarnar frá 1988 koma úr víðtækri lífskaraskönnun Félagsvísindastofnunar sem byggði á 2000 manna úrtaki og voru svarendur spurðir á heimilum þeirra um mikinn fjölda lífskarapátta og lífshátta.²⁵ Ekki hefur verið gerð

²⁵ Sjá nánar um þá rannsókn í tveimur bókum Stefáns Ólafssonar, *Lífskjör og lífshættir á Norðurlöndum* (Reykjavík. Iðunn, 1990) og *Lífskjör og lífshættir á Íslandi* (Reykjavík: Hagstofa Íslands og Félagsvísindastofnun H.Í.)

sambærileg könnun á seinni árum, en Félagsvísindastofnun lagði sömu almennu spurninguna um ánægju með lífskjör fyrir svarendur í 1500 manna úrtaki í mars á þessu ári. Spurningin er eins orðuð nú og var í Lífskjarakönnun 1988 og niðurstöðurnar því sambærilegar: “Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með lífskjör þín og fjölskyldu þinnar þegar á heildina er litið?” Niðurstöðurnar má sjá á mynd II.3.6.



Mynd II.3.6: Ánægja eldri borgara með lífskjör þegar á heildina er litið. Samanburður 1988 og 1999.

Í byrjun þessa kafla kom fram að eldri borgarar eru nú nokkuð óánægðari með fjárhagsafkomu sína en var árið 1990, sem virðist mega rekja til þess að þeir hafa dregist aftur úr í tekjuhækkunum í góðæri síðustu ára. Þegar þeir eru hins vegar spurðir um lífskjör sín á heildina litið þá gætir einnig lítilla aukinnar óánægju, en hún er mun minni en hvað snertir fjárhagsafkomuna og tæpast marktæk. Árið 1988 sögðust tæp 84% eldri borgara vera ánægðir með lífskjör sín þegar á heildina væri litið. Árið 1999 er hlutfallið slétt 83%, eða það sama að teknu tilliti til skekkjumarka í könnunum af þessu tagi. Rúmlega 10% eru hins vegar óánægðir í dag og er það rúmlega tvöfalt stærri hópur en sá hluti eldri borgara sem lenti undir fátæktarmörkum 1997-98, eins og fram kom í umfjöllun um tekjur í kaflanum um lífskjör eldri borgara.

Þegar allt er saman tekið má segja að eldri borgarar á Íslandi séu ánægðir með lífskjör sín, fjárhagsafkomu, heimilislíf og heilsufar, samanborið við eldri borgara í öðrum vestrænum ríkjum. Hins vegar eru kjör og aðstæður misjafnar innan hópsins, eins og fram kom í kafla I, og um 10% eldri borgara segjast nú vera óánægðir með lífskjör sín. Fyrir tíu árum síðan voru tæp 8% eldri borgara óánægðir með lífskjör sín á heildina litið.


III. LÍFSHÆTTIR ELDRA FÓLKS

Vinna, frístundalíf, neysla og fjölmiðlanotkun

Í þessum kafla eru dregin saman ýmis gögn úr Lífshátta-og neyslukönnunum Félagsvísindastofnunar frá árunum 1994-1998 og gögn úr Fjölmiðlakönnunum Félagsvísindastofnunar á sama tímabili. En fyrst er litið á umfang vinnunnar í lífi eldri borgara.

III.1 VINNA

Eins og fram kom í kaflanum um lífskjör þá hafa Íslendingar mikla sérstöðu hvað snertir það hve stór hlutur atvinnutekna er í heildartekjum þeirra. Vinnan gegnir þannig stórum hluta í lífi eldri borgara á Íslandi, í reynd mun stærri en þekkist í öðrum nútímalegum þjóðfélögum. Mynd III.1.1 sýnir yfirlit um atvinnuþátttöku karla á aldrinu 55-64 ára og 65 ára og eldri í OECD löndum. Mynd III.1.2 sýnir það sama fyrir konur.




Mynd III.1.1: Atvinnuþátttaka eldri karla í OECD löndum, um 1995.

Á Vesturlöndum hefur verulega dregið úr atvinnuþátttöku fólks á eftirlaunaaldri á eftirstríðsárunum, eftir því sem lífeyrir almannatrygginga og annarra lífeyrissjóða hefur batnað.²⁶ Því til viðbótar hefur á síðustu áratugum einnig dregið

²⁶ Sjá t.d. í P. Johnson og J. Falkingham (1992), *Ageing and Economic Welfare* (London: Sage).

verulega úr atvinnuþátttöku fólks undir hinum eiginlega eftirlaunaaldri. Þar er um að ræða að fólki er veittur möguleiki á að njóta örorkulífeyris (oft kallað “förtidpension” á Norðurlöndum og “early retirement” í engilsaxneskum löndum).²⁷ Þessi þróun hefur verið mjög umfangsmikil til dæmis í Hollandi, Belgíu, Frakklandi og Þýskalandi, en einnig gætir hennar í nokkrum mæli í Skandinavíu. Eins og sjá má af myndum III.1.1 og III.1.2 er varla um þetta að ræða á Íslandi auk þess sem atvinnuþátttaka eldri borgara er mun meiri en annars staðar þekkt í vestrænu hagsældarríkjunum.



Mynd III.1.2: Atvinnuþátttaka eldri kvenna í OECD löndum, um 1995.

Sérstaða íslensku karlanna er mjög afgerandi. Þeir hafa meiri atvinnuþátttöku en karlar í nokkru hinna landanna. Næstir koma Japanir, Svisslendingar, Norðmenn og Svíar. Þegar einungis er litið á atvinnuþátttöku 65 ára og eldri karla þá eru Portúgalir (einkum bændur) með nokkra atvinnuþátttöku, en einnig Bandaríkjamenn.

Íslenskar konur á aldrinum 55-64 ára hafa ekki jafn mikla sérstöðu í þessum efnunum og karlarnir, því sænskar, norskar og svissneskar konur hafa heldur meiri atvinnuþátttöku en þær íslensku. Hins vegar er atvinnuþátttaka íslenskra kvenna á eftirlaunaaldri (65 ára og eldri) meiri en í nokkru hinna landanna.


Það er því alveg ljóst að ef einungis er litið til fólks sem er 65 ára og eldri að atvinnuþátttaka skipar mun stærri sess í lífi Íslendinga en almennt er í öðrum vestrænum þjóðfélögum.

²⁷ Ítarlega umfjöllun um þessa þróun í helstu ríkjum Vesturlanda er að finna í bók Martin Kohli o.fl. (ritstj.)(1991), *Time for Retirement: Comparative Studies of Early Exit from the Labour Force* (Cambridge: CUP).

III.2 FRÍSTUNDALÍF OG NEYSLUHÆTTIR

Í Lífshátta- og neyslukönnunum Félagsvísindastofnunar á árunum 1994-98 var spurt ítarlega um neyslu- og lífshætti landsmanna. Hér verður gerð nokkur grein fyrir mun aldurshópa í ýmsum þáttum frístundalífs og neysluháttum. Fyrst verður fjallað um ferðalög í frístundum.


Ef skoðuð eru ferðalög innanlands og utan má sjá að elsti hópurinn fer marktækt sjaldnar í slík ferðalög en aðrir aldurshópar (mynd III.2.1). Spurt var um ferðir á sl. 12 mánuðum.



Mynd III.2.1: Ferðaðist þú í frí innanlands/Fórstu í frí til útlanda á sl. 12 mánuðum. Meðaltal 1994-98. Greint eftir aldri.

Á þessari mynd má sjá að fólk á eftirlaunaaldri ferðast allmikið á hverju ári, en þó marktækt minna en fólk sem er 67 ára eða yngra. Það gildir bæði um ferðalög innanlands og ferðalög til útlanda. Um 68% eldri borgara ferðuðust innanlands á hverju ári að meðaltali á tímabilinu 1994-98, en um 85% þeirra sem yngri eru. Tölurnar fyrir ferðalög innanlands voru um 37% fyrir þá eldri og 46% fyrir hina.


Á mynd III.2.2 má sjá hvernig þeir landsmenn gista sem ferðast innanlands og gefur það betri mynd af tegundum ferðalaga og lífsháttum almennt.



Mynd III.2.2: Hvernig gistu þeir sem ferðuðust innanlands? Þeir sem gistu 1 eða fleiri nætur. Greint eftir aldri.


Flestir þeirra sem á annað borð ferðast innanlands í fríu gista hjá ættingjum eða vinum og síðan í sumarbústöðum, ýmist eigin eða í eigu félagasamtaka. Þetta á jafnt við um eldri borgara og yngra fólk, þó svo að hlutfall eldri borgara sé lægra í þessum tegundum gistinga. Yngra fólkið gistir mun meira í tjaldi eða hjólhýsum en eldri borgararnir nota Edduhótelin helmingi mun meira en yngra fólkið. Gisting hjá Ferðapjónustu bænda er álíka algeng hjá þeim eldri og þeim yngri.

Þegar athugað er hvað fólk tekur sér fyrir hendur í ferðum sínum innanlands má sjá að elsta fólkið er að jafnaði ekki eins virkt og yngra fólk í ferðalögum, í þeim þáttum sem kannaðir voru.



Mynd III.2.3: Hvað gerðu þeir sem ferðuðust innanlands? *Greint eftir aldri.* Lífshátta- og neyslukannanir, árlegt meðaltal 1994-98.

Mest stundaða afþreyingariðjan á ferðalögum innanlands, af því sem kannað var, er að fara í sund, veiði, lengri gönguferðir og sigling. Um fimmtungur eldri borgara fór í sund, um 13-14% veiddu eða fóru í lengri gönguferðir og rúm 11% sigldu eitthvað. Þá er einnig nokkuð algengt að eldri borgarar hafi farið í hálendisferðir (tæp 6% eldri borgara) en færri stunduðu golf (2,5%).



Mynd III.2.4: Heimilistækjæign eftir aldurshópum. Meðaltal 1994-98.

Þegar könnuð er heimilistækjæigna landsmanna í sömu könnunum kemur í ljós að elsti aldurshópurinn á að jafnaði færri heimilistæki en þeir sem yngri eru. Elsti


hópurinn á að meðaltali um 9 heimilistæki af þeim 19 sem spurt var um en þeir sem yngri eru eiga ríflega 11.²⁸ Þetta er einn af algengum vísnum um lífskjör eða lífshætti

Á mynd III.2.4 má sjá hve stórt hlutfall fólks í hverjum aldurshópi á tilgreind heimilistæki. Ekki er munur milli aldurshópa hvað snertir eignarhald á hinum algengustu tækjum, eins og ísskáp og þvottavélum, sem eru á nær öllum heimilum. Athyglisvert er að eldri borgarar eiga í minni mæli örbylgjuofn, matvinnsluvél, gasgrill og þurrkara. Um 70% fólks undir 68 ára aldri á örbylgjuofn en rúm 50% eldri borgara.

Yngri hóparnir eru í minni mæli með frystikistur, en þær eru á heimilum um 70% fólks sem er 35 ára og eldra. Uppþvottavélar hafa náð aukinni útbreiðslu á seinni árum og eru hjá rúmum helmingi fólks á aldrinum 35-49 ára, en eldri og borgarar og yngsta fólkið er minna með þær, eða nærri 30%.

Eflaust má rekja þann mun sem er á heimilistækjæign oftar til lífsháttafestu en mismunar á kjörum, þó lífskjaramunar gæti einnig í sumum tilvikum.

Þegar spurt var um bifreiðaeign svarenda og maka þeirra kemur í ljós að um 74% elsta aldurshópsins á bifreið, en ríflega 90% þeirra sem eru í aldurshópunum 25-67 ára.



Mynd III.2.5: Átt þú eða maki þinn bifreið? Greint eftir aldurshópum. Lífshátta- og neyslukannanir 1994-98.

Um tveir þriðju yngsta aldurshópsins (20-24 ára) segjast eiga bifreið, sem hlýtur að teljast mikið þegar saman er borið við önnur lönd, enda er bifreiðaeign mjög almenn á Íslandi. Þá má sömuleiðis segja að sú staðreynd að þrír af hverjum fjórum eldri borgurum, 68-80 ára, skuli eiga bifreið hljóti að teljast nokkuð mikið, en bifreiðaeignin er auðvitað almennari í neðri hluta aldurshópsins.


Þegar framangreindar niðurstöður eru skoðaðar eftir aldurshópum virðist óhætt að segja að eldra fólkið sé almennt neyslugrenna en það yngra. Það kaupir oftar hefðbundinn mat en yngra fólk, það fer sjaldnar til útlanda og það á minna af heimilistækjum, svo nokkuð sé nefnt. Munurinn er í senn lífsháttamunur og kjaramunur.

²⁸ Spurt var um þau tæki sem nefnd eru í mynd III.2.4, en auk þess var spurt um ferðaútlit, hljómtækjasamstæðu, geislaspilara, myndbandstæki, myndbandsupptökuvél, gervihnattadisk, myndlykil, eldavél og eldhúsviftu.

III.3 Þátttaka í félagslífi


Í Lífshátta-og neyslukönnunum 1994-98 var spurt hve oft menn tækju þátt í nokkrum athöfnum, sem flokka má undir skemmtanir og félagslíf. Spurt var meðal annars hvort menn hefðu farið í matarboð, í leikhús, á söfn og fleira af sama toga. Myndir sem hér fylgja gefa almenna mynd af virkni í frístundalífi, annars vegar hjá eldri borgurum og hins vegar hjá fólki sem er á vinnualdri (18-67 ára).

Fólk í yngri aldurshópnum tekur marktækt oftar en eldri borgarar þátt í flestum þeim athöfnum sem um er spurt.




Mynd III.3.1: Þátttaka í félagslífi. Meðaltíðni eftir aldurshópum. Lífshátta-og neyslukannanir Félagsvísindastofnunar 1994-1998.

Yngra fólkið stundar samkvæmislíf og veitingahúsalíf mun meira, eins og við var að búast. Verulegur munur er milli kynslóða á notkun skyndimatar. Eldri borgarar nota hann einungis í litlum mæli. Einungis þegar spurt er hve oft fólk býður í mat, fer í leikhús, á myndlistasýningu, á bókasöfn eða á söfn er ekki marktækur munur á virkni. Á þeim sviðum er virkni eldri borgara álíka mikil og þeirra sem yngri eru.



Mynd III.3.2: Þátttaka í félagslífi. Meðaltíðni eftir aldurshópum. Lífshátta-og neyslukannanir Félagsvísindastofnunar 1994-1998.




Mynd III.3.3: Þátttaka í félagslífi. Meðaltíðni eftir aldurshópum. Lífshátta-og neyslukannanir Félagsvísindastofnunar 1994-1998.

Þegar spurt er um íþróttaiðkun og útiveru þá er elsti aldurshópurinn minnst virkur, nema þegar um er að ræða golfiðkun, veiði, skák, bridds, dans, sund og lengri gönguferðir. Þar er ekki um marktækan mun að ræða milli elsta hópsins og annarra hópa.


III.4 FJÖLMIÐLANOTKUN

Í könnunum Félagsvísindastofnunar á fjölmiðlanotkun á síðustu árum hefur mátt sjá nokkurn mun milli aldurshópa. Almennt er fjölmiðlanotkun eldri borgara heldur meiri en þeirra sem yngri eru, einkum unglunga. Á myndunum hér á eftir má sjá heildaráhorf á sjónvarp og heildarhlustun á útvarp, í mínútum á dag, greint eftir aldri. Niðurstöðurnar eru meðaltal tveggja kannana sem gerðar voru árið 1998 og til samanburðar eru tölur fyrir 1997 sem gefa í megindráttum sömu mynd.

Á fyrstu tveimur myndunum má sjá að þeir sem komnir eru á eftirlaunaaldur nota ljósvakamiðlana meira en aðrir aldurshópar, bæði útvarp og sjónvarp. Munurinn er þó meiri hvað varðar útvarp en sjónvarp, einkum ef hlustun þeirra elstu er borin saman við hlustun unglunga (12-19 ára).



Mynd III.4.1: Hlustun á útvarp (mínútur á dag), greint eftir aldri. Fjölmiðlakannanir Félagsvísindastofnunar 1997 og 1998.




Mynd III.4.2: Áhorf á sjónvarp (mínútur á dag), greint eftir aldri. Fjölmíðlakannanir Félagsvísindastofnunar 1997 og 1998.

Munurinn er minni þegar þegar könnuð er sjónvarpsnotkun. Þó kemur í ljós að fólk á eftirlaunaaldri horfir að vísu nokkru meira á sjónvarp en þeir sem yngri eru. Hins vegar er sjónvarpsnotkun unglinga ekki áberandi minni en fólks á aldrinum 20 til 50 ára, eins og var um útvarpshlustun.


Talsverður munur er á því hvað fólk í ólíkum aldurshópum horfir á í sjónvarpi. Ekki voru tök á að gera heildarúttekt á öllu ljósvakaefni og eru því aðeins sýnd dæmi. Afgerandi er að þeir eldri hlusta og horfa mun meira á fréttir en þeir yngri, einkum á fréttir ríkisfjölmiðlanna, en þó einnig á aðalfréttatíma Stöðvar 2. Myndirnar hér á eftir koma úr fjölmíðlakönnun sem gerð var í október 1998.

Eldri borgarar halda þannig langmestri tryggð við útvarpsfréttir á Rás 1 en hins vegar er hverfandi hlustun á þær í yngri hópunum.




Mynd III.4.3: Hlustun á aðalfréttatíma á Rás 1, í hádegi og klukkan sjö (% fólks í hverjum aldurshópi sem hlustaði).


Athyglisvert er að rúmur helmingur fólks sem er 50 ára og eldra horfir á aðalfréttatíma Stöðvar 2 en 62-72% sömu aldurshópa horfa á aðalfréttatíma Ríkissjónvarpsins. Beinna samband er milli áhorfs á fréttir og aldurs meðal notenda Ríkissjónvarpsins en meðal notenda Stöðvar 2.



Mynd III.4.4: Áhorf á kvöldfréttir í Ríkissjónvarpinu




Mynd III.4.5: Áhorf á kvöldfréttir á Stöð 2



Mynd III.4.6: Hlustun á hádegisfréttir Bylgjunnar

Þá er sérstaklega athyglisvert að fréttahlustun á hádegisfréttir Bylgjunnar er mun minni meðal eldri borgara en þeirra sem yngri eru. Þar er hlustunin mest meðal fólks á aldrinum 35-67 ára.



Mynd III.4.7: Meðallestur á hvert tölublað þriggja dagblaða
Fjölmiðlakönnun í október 1998. Greint eftir aldri

Heildarlestur dagblaða er ekki eins tengdur aldri og sjónvarpsnotkun eða útvarpshlustun. Á myndinni hér að ofan má sjá meðallestur þriggja dagblaða í einni viku í október á síðasta ári, greindan eftir aldri. Þar má sjá að lestur dagblaða minnkar nokkuð meðal þeirra elstu, einkum á DV, en lesturinn eykst hins vegar með hækkandi aldri á Degi. Dagur hefur þannig mestan hljómgrunn meðal eldri borgara, einkum á landsbyggðinni. Morgunblaðið er lesið af stærstum hluta fólks á aldrinum 35-67 ára, en almennt er lestur þess tiltölulega jafn í ólíkum aldurshópum. Lægst hlutfall lesenda þess er í hópi unglunga 12-19 ára. Lestur einstakra efnispátta dagblaðanna er þó mjög mismunandi eftir aldri, en ekki eru tölur á að gera því skil hér á heildstæðan hátt.

Þegar á heildina er litið má segja að markverður munur sé á fjölmiðlanotkun milli kynslóða eða aldurshópa. Eldri borgarar nota fjölmiðla meira en yngra fólk, þeirra efnisval er annað og þeir halda meiri tryggð við ríkisfjölmiðlana. Á milli 50 og 60% eldri borgara lesa Morgunblaðið að staðaldri.

Þrátt fyrir þennan mun sem er á fjölmiðlanotkun aldurshópanna fer því fjarri að eldri borgarar dragi sig úr virkni hversdagslífsins og stundi til dæmis sjónvarpsáhorf í óhófi. Þvert á móti sýna niðurstöður þessa kafla að eldri borgarar á Íslandi eru virkir í félagslífi og margvíslegri afþreyingariðju, auk óvenjumikillar atvinnuþátttöku samanborið við aðrar nútímalegar þjóðir. Tilgátan um að eldri borgarar séu óvirkir í samfélaginu, sem stundum er fram sett í nálægum löndum, virðist því ekki eiga við um meginþorra eldri borgara á Íslandi.

IV. LÍFSSKOÐUN ELÐRI BORGARA.

Lífsskoðun vísar til grundvallarafstöðu manna til lífsins, sem liggur að baki viðhorfum til ólíkra dægurmála og myndar ramma um, hefur áhrif á og endurspeglar þessi viðhorf. Lífsskoðanir innihalda siðferðilegan þátt, gildismat, og snúast því fremur um hvað fólk *ætti* að gera en hvað það *vill* gera. Lífsskoðanir vísa þannig til varanlegri þátta hugarfarsins.²⁹

Reglubundinn munur er á viðhorfum eldra og yngra fólks til margra mála. Eldra fólk hefur almennt hefðbundnari afstöðu til lífsins en yngra fólk. Það er almennt strangara í afstöðu sinni, t.d. í siðferðismálum, og íhaldssamara gagnvart breytingum.

Nokkrar kenningar hafa verið settar fram um það af hverju þessi aldurstengdi munur á viðhorfum stafar. Fyrst má nefna kenninguna um svokölluð kynslóðaáhrif (*cohort effect*) sem gengur út frá því að fólk sem elst upp á svipuðum tíma, verði fyrir áhrifum af sömu atburðum og aðstæðum á því tímaskeiði. Þannig eigi sérstök félagsmótun sér stað á mótunarárum kynslóðarinnar, sem leiði til varanlegra sjónarmiða eða lífsskoðana.³⁰

Aðrir telja að viðhorf fólks séu ekki varanleg heldur breytist yfir tíma vegna breytilegra aðstæðna fólks þegar árin færast yfir. Því séu það fremur breyttar aðstæður og uppsöfnuð reynsla eldra fólks en félagsmótun í æsku, sem valda því að eldra fólk hefur önnur viðhorf en hið yngra.

Þriðja tegund skýringa á ólíkum viðhorfum yngra og eldra fólks eru almennar sálrænar, líffræðilegar og félagslegar breytingar sem eiga sér stað með hækkandi aldri, óháð félagsmótun eða aðstæðum og reynslu fólks.

Líklegast er að skýringarnar eigi allar við að einhverju leyti og að í raun sé ekki hægt að aðskilja áhrif þeirra á neinn afgerandi hátt, að minnsta kosti með fyrirbyggjandi gögnum.

Í þessum kafla verða sýndar niðurstöður um viðhorf aldurshópanna til ýmissa mála, svo sem trúar, siðferðismála og vinnu. Einnig er athugað mat fólks í ólíkum aldurshópum á æskilegum áherslum í framtíðarþróun þjóðfélagsins.

IV.1. TRÚ.


Í könnun á lífsskoðunum Íslendinga 1990 var meðal annars spurt nokkurra spurninga um viðhorf til trúmála; hvort trúin sé mikilvæg í lífi fólks, hvort fólk hafi fengið trúarlegt uppeldi á heimili sínu og hvort trúin veitti fólki styrk og huggun.

Elsti aldurshópurinn hefur í öllu tilvikum jákvæðari viðhorf til trúarinnar en tveir yngri hóparnir. Trúin virðist því almennt eiga meiri hljómgrunn hjá fólki sem komið er yfir miðjan aldur.

²⁹ Sjá nánar um það í bók Stefáns Ólafssonar (1996), *Hugarfar og hagvöxtur: Menning, þjóðfélag og framfarir í vestrænum þjóðfélögum* (Reykjavík: Félagsvísindastofnun) og MA ritgerð Maríu Ammendrup (1998), "Vinnuviðhorf Íslendinga" (Félagsvísindadeild Háskóla Íslands).


³⁰ Ronald Inglehart (1990), *Culture Shift in Advanced Industrial Society* (Princeton: PUP).

Þegar spurt er hvort fólk hafi fengið trúarlegt uppeldi á heimili sínu má greina töliverðan og marktækan mun á aldurshópnum.³¹ Um 90% af elsta hópnum segist hafa fengið trúarlegt uppeldi á heimili sínu, á meðan um 60% yngsta hópsins telur sig hafa fengið slíkt uppeldi.



Mynd IV.1.1: Fékkst þú trúarlegt uppeldi á heimili þínu?
Hlutfall sem svarar játandi.
 Könnun á lífsskoðunum Íslendinga, 1990.


Þegar spurt er hvort trúin sé mikilvæg í lífi fólks er marktækur munur á aldurshópnum. Tveir elstu hóparnir telja trúna mikilvægari en þeir sem yngri eru.



Mynd IV.1.2: Er trúin mjög mikilvæg, frekar mikilvæg, ekki mjög mikilvæg eða alls ekki mikilvæg í lífi þínu?
Kvarði frá 1=trúin er alls ekki mikilvæg til 4=trúin er mjög mikilvæg.
 Könnun á lífsskoðunum Íslendinga 1990.


Þegar spurt er hvort fólki finnst trúin veita því huggun og styrk er sláandi munur á hópnum. Aðeins tæplega 60% svarenda í yngsta aldurshópnum eru sammála því að trúin veiti þeim huggun og styrk, ríflega 70% þeirra sem eru í aldurshópnum 25-44 ára, en hátt í 90% þeirra sem eru í tveimur elstu aldurshópnum.

³¹ Líklegt er að þessi munur skýri að miklu leyti þær niðurstöður sem á eftir koma.



Mynd IV.1.3: Finnst þér trúin veita þér huggun og styrk eða ekki?
Hlutfall sem svarar játandi.

Þegar spurt er hve miklu máli Guð skipti í lífi fólks er sama mynstur uppi á teningunum. Þeir sem eru eldri hafa þá afstöðu í mun meiri mæli en hinir yngri. Almennt virðist Guð skipta eldra fólk mjög miklu máli.



Mynd IV.1.4: Hve miklu máli skiptir Guð í lífi þínu?
Kvarði frá 1-10. 1 = skiptir engu máli og 10 = skiptir mjög miklu máli.
Könnun á lífsskoðunum Íslendinga 1990.

Af þessu má draga þær ályktanir að trúrækni sé almennt meiri í eldri aldurshópunum og að það sé sterk fylgni milli jákvæðra viðhorfa til trúar og þess hvort fólk hefur fengið trúarlegt uppeldi eða ekki.


IV.2. VIÐHORF TIL VELFERÐARMÁLA

Í þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar í september 1998 voru könnuð viðhorf fólks í ólíkum aldurshópum til velferðarþjónustu á Íslandi.³²

Á mynd IV.2.1 má sjá afstöðu fólks til umfangs velferðarþjónustunnar. Spurt var um viðhorf til þjónustunnar eins og hún er, um afstöðu til aukningar þjónustu og útgjalda, að teknu tilliti til áhrifa sem slíkt hefur á skattheimtu. Gögnin sem afluð var gefa athyglisverða innsýn í mat fólks á mikilvægi einstakra málaflókka og hugmyndir um þörf fyrir úrbætur. Þá felst í upplýsingunum mat á árangri þeirrar þjónustu sem veitt hefur verið á liðnum árum. Fyrsta myndin sýnir í hve miklum mæli fólk í ólíkum aldurshópum segir opinberu velferðarþjónustuna vera of mikla, hæfilega eða of litla.

³² Heimild: *Viðhorf til velferðarríkisins á Íslandi*, eftir Stefán Ólafsson, Ingibjörgu Kaldalóns og Karl Sigurðsson (Reykjavík: Félagsvísindastofnun, nóvember 1998). Könnunin var unnin fyrir BSRB.

Eldra fólk segir í mun meiri mæli að velferðarþjónustan sé of lítil er yngra fólk segir frekar að hún sé hæfileg. Mjög fáir í öllum aldurshópum segja þjónustuna vera of mikla.




Mynd IV.2.1: Afstaða til umfangs velferðarþjónustunnar. Er þjónustan of mikil, hæfileg eða of lítil? *Greint eftir aldri.*

Á mynd IV.2.2 má sjá á hvaða hátt viðhorf svarenda til aukningar útgjalda til hinna ýmsu þátta velferðarþjónustunnar eru breytileg eftir aldri og þá einnig eftir því hvernig málaflokkarnir snerta hagsmuni viðkomandi aldurshópa.

Hvað snertir aukningu útgjalda til sjúkradagpeninga fyrir langveika, örorkulífeyris, ellilífeyris og þjónustu við aldraða, þá er reglulegt mynstur á svörum á þann veg, að stuðningurinn eykst með aldri. Þó skera eftirlaunamenn eða ellilífeyrisþegar sig nokkuð úr, sérstaklega hvað snertir mál er tengjast þeirra aldurshópi og styðja þau í heldur minni mæli en fólk í yngri aldurshópnum. Það má því segja um aldraða Íslendinga að þeir séu síður eigingjarnir en fólk í öðrum aldurshópum. Þetta kemur enn betur í ljós þegar skoðuð er afstaða til þess að auka útgjöld vegna aðstoðar við námsmenn. Þá er stuðningurinn langmestur í yngsta aldurshópnum, og hið sama á við um aukningu útgjalda til skólakerfisins, dagvistunar barna og til barnafjölskyldna.

Stuðningur við aukningu útgjalda til heilbrigðisþjónustunnar er áþekkur í öllum aldurshópum, en stuðningur við almannatryggingar eykst með aldri. Þá er meiri stuðningur við aukningu útgjalda til samgangna meðal yngra fólks, en lítill munur er á afstöðu aldurshópanna til atvinnuleysisbóta og til stjórnsýslunnar eða ráðuneytanna.




MYND IV.2.2: HLUTFALL SVARENDA SEM VILJA AUKA ÚTGJÖLD
til viðkomandi málaflokka. *Greint eftir aldri*

Ljóst er af þessum gögnum að afstaðan til velferðarríkisins er nokkuð háð aldri og að sérhópar í þjóðfélaginu sem búa við skerta velferð, eins og langveikir og öryrkjar, eru af almenningi taldir verðskulda aukningu útgjalda til þeirra sviða velferðarþjónustunnar sem sinna málum þessara hópa. Almenningur virðist einnig telja ástæðu til að auka velferðarútgjöld til eldri borgara.

Í könnun á lífsskoðunum Íslendinga 1990 var fólk beðið um að meta mikilvægi tiltekinna atriða í lífinu; fjölskyldunnar, vinnunnar, vina, frítíma, stjórn mála og trúar. Á mynd IV.2.3 má sjá niðurstöður greindar eftir aldurshópum.

Fjölskyldan er talin mikilvægust hjá fólki í öllum aldurshópum, og er enginn munur þar á. Vinnan er oftast í öðru sæti, nema hjá yngsta hópnum, þar sem vinirnir eru taldir mikilvægari. Mikill munur er á mati aldurshópanna á mikilvægi trúar, eins og þegar er fram komið, en mikilvægið eykst með aldrinum.



Mynd IV.2.3. Mat fólks á mikilvægi einstakra atriða í lífinu, greint eftir aldurshópum.

Einkunn frá 1-4. 1=alls ekki mikilvægt atriði, 4=mjög mikilvægt.

Stjórnsmál eru í neðasta sæti hjá öllum aldurshópum, þ.e. af þessum atriðum sem spurt var um.

Í sömu könnun var spurt um afstöðu fólks til breytinga á lífsháttum sem gætu átt sér stað í næstu framtíð. Spurt var hvort fólk teldi slíkar breytingar til góðs eða ills. Svörin má sjá á töflu IV.2.1.

Athyglisverður munur kemur fram milli aldurshópa á afstöðu til sumra þátta tilgreindra breytinga. Eldri borgarar segja í mun meiri mæli en þeir yngstu (18-24 ára) að það væri góð breyting ef minni áhersla yrði lögð á peninga og veraldlegar eignir. Í reynd er afstaðan til þessa áþekk meðal allra á aldrinum 25-80 ára og því er það einungis yngsti hópurinn sem sker sig úr. Þessi fjandskapur í garð efnishyggjunnar er augljóslega mörgum ofarlega í huga, þrátt fyrir að flestir helgi í reynd stærstum hluta hins hversdagslega lífs síns verkefnum er tengjast peningum og veraldlegum eignum. Lífsgæðakapphlaupið er enda sú þjóðaríþrótt sem flestir stunda, jafnt hér á landi sem og í öðrum vestrænum þjóðfélögum.³³

Eldri borgarar segja mun frekar en þeir yngri að það væri slæm breyting ef mikilvægi vinnunnar myndi minnka í lífi okkar. Þó svo að þannig sé nokkuð beint samband þess viðhorfs og aldurs er athyglisvert að meirihluti allra segir minnkandi mikilvægi vinnunar vera slæma breytingu.

Allir eru á því að aukin áhersla á tækniþróun væri af hinu góða, og eru eldri borgarar jafnvel enn frekar á því en þeir sem yngri eru. Munurinn er þó ekki tölfræðilega marktækur í þessu tilviki.

Víðtækur stuðningur er við það í öllum aldurshópum að lögð verði meiri áhersla á þroska einstaklingsins og á fjölskyldulíf í næstu framtíð.

Þá er athyglisvert að eldri borgarar skera sig nokkuð úr fyrir það, að vilja að meiri virðing verði borin fyrir yfirvöldum, um 55% þeirra segja að það yrði góð breyting en einungis um þriðjungur yngstu svarenda (18-24 ára) samsinna því.

Þá eru eldri borgarar loks á því að til bóta væri að leggja meiri áherslu á einfaldari og náttúrulegri lífshætti.

³³ Sjá meira um það í bók Stefáns Ólafssonar, *Hugarfar og hagvöxtur*, framangreind ívitnun.

Tafla IV.2.1: Æskilegar áherslur í framtíðarþróun þjóðfélagsins. Kynslóðagreining.

	Góð breyting %	Skiptir engu %	Slæm breyting %	Fjöldi svarenda
Minni áhersla á peninga og veraldlegar eignir.				
<i>Allir</i> **	59,3	19,8	20,9	683
18-24 ára	44,4	22,2	33,3	117
25-44 ára	61,8	19,9	18,2	351
45-66 ára	64,4	18,1	17,5	160
67-80 ára	60,0	18,2	21,8	55
Minnkandi mikilvægi vinnunnar í lífi okkar.				
<i>Allir</i> *	32,7	9,0	58,3	686
18-24 ára	32,2	13,0	54,8	115
25-44 ára	36,9	9,1	54,0	352
45-66 ára	29,2	6,8	64,0	161
67-80 ára	17,2	6,9	75,9	58
Aukin áhersla á tækniþróun.				
<i>Allir</i> ^{e.m.}	69,3	16,2	14,5	674
18-24 ára	66,4	17,7	15,9	113
25-44 ára	69,2	17,4	13,4	351
45-66 ára	66,7	15,4	17,9	156
67-80 ára	83,3	7,4	9,3	54
Meiri áhersla lögð á þroska einstaklingsins.				
<i>Allir</i> **	94,4	2,9	2,7	695
18-24 ára	90,6	7,7	1,7	117
25-44 ára	94,9	2,5	2,5	353
45-66 ára	97,0	-	3,0	165
67-80 ára	91,7	3,3	5,0	60
Meiri virðing fyrir yfirvöldum.				
<i>Allir</i> ***	42,3	41,8	15,9	686
18-24 ára	31,3	48,7	20,0	115
25-44 ára	38,1	45,2	16,8	352
45-66 ára	54,4	35,0	10,6	160
67-80 ára	55,9	27,1	16,9	59
Aukin áhersla á fjölskyldulíf.				
<i>Allir</i> ^{e.m.}	95,7	3,3	1,0	694
18-24 ára	96,6	3,4	-	117
25-44 ára	94,9	3,7	1,4	353
45-66 ára	97,6	1,2	1,2	165
67-80 ára	93,2	6,8	-	59
Einfaldari og náttúrulegri lífshættir.				
<i>Allir</i> *	78,7	16,6	4,7	687
18-24 ára	70,1	23,1	6,8	117
25-44 ára	77,4	18,0	4,6	350
45-66 ára	84,0	11,7	4,3	162
67-80 ára	89,7	8,6	1,7	58

Könnun á lífsskoðunum Íslendinga 1990.

Skýringar: *marktækur munur milli aldurshópa; **vel marktækur munur;
***mjög vel marktækur; em=ekki marktækur

IV.3. VINNUVIÐHORF ELÐRI BORGARA.

Umtalsverður og reglubundinn munur er á almennum vinnuviðhorfum eldra og yngra fólks. Eldra fólk metur vinnuna almennt meira en yngra fólk gerir. Það álitur vinnuna mikilvægari, það leggur áherslu á að vinna alltaf vel óháð launum, það er ánægðara í starfi, hefur meiri hollustu gagnvart vinnuveitanda og er almennt jákvæðara gagnvart vinnunni.

Ekki er þó hægt að fullyrða að það að eldast hafi þau áhrif að menn meti vinnuna meira. Hugsanlegt er að eldri kynslóðin í dag hafi orðið fyrir áhrifum af tímabundnum aðstæðum og hugsunarhætti, sem skýri þennan mun að einhverju leyti. Einnig ber að hafa í huga að starfsaðstæður og kjör fólks batna almennt með aldri.

Hér verður einkum rætt um viðhorf til mikilvægis vinnunnar, almenna starfsánægju og fyrirtækjahollustu, en í þessum tilfellum hefur fundist stöðugur munur á aldurshópum.

Tafla IV.3.1: Hversu mikilvæg er vinnan í lífi þínu?
Mikilvægiseinkunn á kvarðanum 0-10.

	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi
ALLIR	8,4	1,8	951
18-24 ára	8,0	2,1	164
25-44 ára	8,3	1,7	403
45-66 ára	8,6	1,7	309
67-80 ára	9,1	1,8	75

Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar (49), 1997. Munur á aldursbreytunni er mjög vel marktækur (***) . Yngsti aldurshópurinn telur vinnu ekki eins mikilvæga og tveir þeir elstu. Aldurshópurinn 25-44 ára er einnig marktækt ólíkur elsta aldurshópnum.

Ef skoðuð eru svör við spurningu um hve mikilvæg vinnan sé í lífi svarenda (tafla IV.3.1), kemur í ljós að elsti aldurshópurinn telur vinnuna mikilvægasta og gefur meðaleinkunnina 9,1 á kvarðanum 0-10. Þessi aldurshópur er marktækt ólíkur yngstu aldurshópnum tveimur, sem gefa að meðaltali 8,0 og 8,3 í einkunn.

Þegar spurt er hvers vegna vinnan er mikilvæg, kemur fram mjög skýr og athyglisverður munur eftir aldri (tafla IV.3.2).

Tafla IV.3.2: Hvers vegna er vinnan mikilvæg í þínu tilviki?
Er það vegna þess að hún tryggir þér fjárhagsafkomu, eða vegna þess að þig langar til að vinna?

	Tryggir fjárhags- afkomu	Langar að vinna	Get ekki gert upp á milli	Fjöldi
Allir			41,8	24,1
18-24 ára	58,9	19,6	21,5	158
25-44 ára	47,6	17,8	34,6	393
45-66 ára	27,6	33,2	39,1	304
67-75 ára	28,0	32,0	40,0	50

Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar (49), 1997. Munurinn er mjög vel marktækur (***) .

Hér má sjá að tveir elstu hóparnir segja mun oftar en þeir yngri, að þá langi til að vinna, eða að þeir eigi bágð með að gera upp á milli. Þetta endurspeglar e.t.v. það að yngra fólkið er að koma sér þaki yfir höfuðið og hefur oftar verri skuldastöðu en þeir sem eldri eru.

Þegar fólk er spurt hvort það telji mikla vinnusemi af hinu góða, segjast um 86% svarenda í elsta aldurshópnum vera frekar eða mjög sammála fullyrðingunni, en aðeins um 60% í yngri aldurshópnum (tafla IV.3.3).

Tafla IV.3.3: Ertu sammála því eða ósammála að mikil vinnusemi sé af hinu góða?

	Frekar/mjög sammála	Hvorki né	Frekar/mjög ósammála	Fjöldi
<i>Allir</i>	65,6	8,2	26,2	1022
18-24 ára	61,2	7,7	31,2	183
25-44 ára	58,4	9,1	32,5	416
45-66 ára	70,5	8,3	21,3	315
67-75 ára	86,1	5,6	8,3	108

Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar (49), 1997. Munurinn er mjög vel marktækur (***).

Þeir sem eldri eru segjast leggja meiri metnað í starf sitt en þeir yngri. Ef litið er á töflu IV.3.4 kemur í ljós að um vel marktækan mun er að ræða. Aldurshópurinn 18-24 ára gefur marktækt lægri einkunn á kvarðanum, en aldurshóparnir 25-44 ára og 45-66 ára. Í elsta aldurshópnum eru svarendur mjög fáir þannig að munurinn telst ekki marktækur.

Tafla IV.3.4: Hversu mikinn metnað leggur þú í starf þitt?
Gefðu einkunn frá 0-10; 0 þýðir að þú leggir alls engan metnað í starf þitt og 10 að þú leggir mjög mikinn metnað í það.

	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi
<i>Allir</i>	9,0	1,3	777
18-24 ára	8,6	1,6	108
25-44 ára	9,1	1,2	366
45-66 ára	9,1	1,1	284
67-80 ára	9,4	1,1	19

Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar (49), 1997. Munurinn er vel marktækur (**).

Í þjóðmálakönnun 1991 var spurt hvort fólk væri sammála eða ósammála þeirri fullyrðingu að það ynni alltaf eins vel og það gæti, óháð launum. Mikill og mjög vel marktækur munur er á afstöðu aldurshópanna til þessarar spurningar. Nánast allir í elsta aldurshópnum voru sammála fullyrðingunni, en aðeins 75% í aldurshópnum 18-24 ára.

Tafla IV.3.5: Ég vinn alltaf eins vel og ég get, óháð launum.

	Sammála	Ósammála	Fjöldi
<i>Allir</i>	88,2	11,8	1029
18-24 ára	75,0	25,0	156
25-44 ára	88,7	11,3	494
45-66 ára	92,0	8,0	312
67-75 ára	98,5	1,5	67

Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar (23), 1991. Munurinn er mjög vel marktækur (***)

Þegar spurt var um afstöðu til fullyrðingarinnar: „Ég hef ánægju af starfi mínu, það er það mikilvægasta í lífi mínu”, kemur einnig fram sláandi munur í aldurshópunum.

Tafla IV.3.6: Ég hef ánægju af starfi mínu, það er það mikilvægasta í lífi mínu.

	Sammála	Ósammála	Fjöldi
<i>Allir</i>	19,2	80,8	1009
18-24 ára	9,0	91,0	156
25-44 ára	11,0	89,0	489
45-66 ára	28,3	71,7	304
67-75 ára	66,7	33,3	60

Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar (23), 1991. Munurinn er mjög vel marktækur (***)

Línuleg tengsl eru milli aldurs og og starfsánægju, þannig að eldra fólk er almennt ánægðara með störf sín en hið yngra. Í könnun Félagsvísindastofnunar 1997 eru skýr tengsl milli aldurs og starfsánægju.

Tafla IV.3.7: Hve ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með starf þitt þegar á heildina er litið? (Miðað er við núverandi eða síðasta starf)
Kvarði 0-10, 0 = mjög óánægð(ur), 5 = hlutlaus og 10 = mjög ánægð(ur).

	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi
<i>Allir</i>	8,0	1,8	786
18-24 ára	7,7	1,9	107
25-44 ára	7,8	1,8	369
45-66 ára	8,2	1,7	290
67-80 ára	8,6	2,0	20

Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar (49), 1997. Munurinn er vel marktækur (**).

Ekki finnast sterk tengsl milli aldurs og almennrar ánægju með lífið, í könnun á lífsskoðunum 1990. Því virðist ekki rétt að ætla að eldra fólk sé almennt ánægðara en yngri kynslóðin. Reyndar ber að minna á að versnandi heilsufar eldri borgara getur haft áhrif á svör við almennum spurningum um ánægju með lífið. Ekki má heldur gleyma því að það verður nokkur síun á eldra fólk á vinnumarkaði, þannig að þeir sem hafa mestu ánægjuna af vinnu sinni, halda frekar lengur áfram að vinna en þeir sem ekki eru ánægðir í starfi. Aðrir meta það svo að helstu ástæður fyrir aldurstengdri starfsánægju séu að menn bindist vinnustað og starfi yfir tíma.

Að lokum skal minnst á að eldra fólk sýnir umtalsvert meiri fyrirtækjahollustu en yngra fólk, þó nokkur munur sé milli starfsstétta í þeim efnum. Eldri borgarar sýna þannig almennt meiri trygð og hollustu gagnvart vinnuveitendum og fyrirtækjum.

En hvers vegna sýnir eldra fólk meiri hollustu við vinnuveitendur en unga fólk? Í fyrsta lagi er eldra fólk ánægðara með störf sín en yngra fólk, eins og áður hefur komið fram. Í öðru lagi kann það einnig betur að meta vinnuna almennt og kunna þar að koma til kynslóðaáhrif. Í þriðja lagi má telja líklegt að eldra fólk hafi á langri starfsævi fundið starf og vinnuveitanda, sem það er ánægt með og vill starfa hjá til frambúðar. Í fjórða lagi hefur átt sér stað síun á vinnumarkaði, þannig að þeir óánægðustu eru hættir störfum. Í fimmta lagi hefur eldra fólk oft á tíðum ekki það starfsval, sem það yngra hefur og verður því frekar að reyna að setta sig við stöðu sína og beina sjónum fremur að jákvæðum en neikvæðum hliðum vinnunnar. Til viðbótar þessu kemur að fjárhagsskuldbindingar yngra fólks valda því, að það skiptir oftast um vinnu launanna vegna. Einnig er það lausara við þegar það er að hefja starfsferil sinn og leita að ásættanlegu ævistarfi.

Þegar á heildina er litið má því segja, að athyglisverður munur sé á vinnuviðhorfum milli kynslóða, því eldra fólk hefur vinnuna mun meira í hávegum en yngra fólk. Ekki er hægt að svara því með óyggjandi hætti hér hvort þessi kynslóðamunur boði breytingar á vinnumenningu Íslendinga á næstu áratugum.³⁴


³⁴ Meira má lesa um vinnumenningu Íslendinga í MA ritgerð Maríu Ammendrup (1998), “Vinnuviðhorf Íslendinga” (Félagsvísindadeild Háskóla Íslands) og í bók Stefáns Ólafssonar (1996), *Hugarfar og hagvöxtur*.

IV.4. AFSTADA TIL SIÐFERÐISMÁLA.

Í könnun á lífsskoðunum Íslendinga 1990 var spurt um álit fólks á ýmsum siðferðislegum álitamálum og það beðið að segja til um hvort því finnst að alltaf megi réttlæta þessar gjörðir, hvort aldrei sé hægt að réttlæta þær eða eitthvað þar á milli. Fólk var beðið um að nota kvarða frá 1-10, þar sem 1 táknar að viðkomandi gerð eða hegðun sé aldrei réttlætanlegt og 10 að það sé alltaf réttlætanlegt.³⁵

Þetta efni gefur athyglisverða mynd af mismunandi siðferðisvitund fólks í ólíkum aldurshópum. Líkt og fram hefur komið um annan mun á lífsskoðunum og gildismati milli aldurshópa er ekki hægt á þessu stigi að fullyrða hvort munurinn sé að mestu leyti fram kominn vegna ólíkra mótunaráhrifa á uppeldisveiði eða vegna breytinga sem verða á lífshlaupinu. Það er því ekki hægt að fullyrða að núverandi munur siðferðisvitundar boði breytta siðferðisvitund íslensku þjóðarinnar þegar kynslóðaskipti verða í framtíðinni. Hins vegar mun Félagsvísindastofnun safna nýjum gögnum um lífsskoðun íslensku þjóðarinnar seinna á þessu ári og þá verður í fyrsta sinn fyrir hendi möguleiki á að bera saman kynslóðamun lífsskoðana í dag og eins og hann var árin 1984 og 1990. Slík gögn munu veita vísbendingar um raunverulega þróun lífsskoðana einstakra kynslóða eða hvort um er að ræða breytingu sem verður með reglubundnum hætti á lífshlaupi hvers og eins.

Gögnin sem sýnd eru á myndunum hér á eftir benda eindregið til þess að í langflestum tilvikum telja þeir sem komnir eru um og yfir miðjan aldur þau siðferðilegu frávík sem spurt er um síður réttlætanleg en þeir sem yngri eru. Eldri kynslóðirnar eru þannig siðavandari eða fastheldnari í siðferðismálum. Ekki fannst þó marktækur munur eftir aldurshópum þegar spurt var um hvort menn teldu framhjáhald, hjónaskilnaði og sjálfsvíg réttlætanleg.




Mynd IV.4.1: Réttlætanlegt að greiða ekki fyrir far með almenningsvagni.³⁶


Könnun á lífsskoðunum Íslendinga, 1990. Munurinn er mjög vel marktækur (***)

³⁵ Sjá nánar um þetta efni í grein Friðriks H. Jónssonar (1995), “Dyggðir Íslendinga” (Reykjavík: Félagsvísindastofnun, rannsóknarritgerðir nr. 1).


³⁶ Ath. því hærri sem talan er, því frekar er hægt að réttlæta gjörðirnar að mati svarenda.




Mynd IV.4.2: Svíkja undan skatti, gefist þess kostur.
 Könnun á lífsskoðunum Íslendinga, 1990. Munurinn er mjög vel marktækur (***)
 Á þeim myndum sem á eftir koma er einungis tekið fram ef ekki er um marktækan mun milli aldurshópa að ræða.




Mynd IV.4.3: Kaupa eitthvað, sem þú veist að er stolið.




Mynd IV.4.4: Taka bíl annars manns í heimildarleysi um stundarsakir.




Mynd IV.4.5: Neyta fíkniefnisins marijúana eða hass.



Mynd IV.4.6: Halda peningum sem þú hefur fundið.




Mynd IV.4.7: Ljúga sjálfum þér til framdráttar.




Mynd IV.4.8: Að fólk í hjúskap, haldi framhjá.


Könnun á lífsskoðunum Íslendinga, 1990. Ekki er um marktækan mun að ræða.




Mynd IV.4.9: Kynlíf undir lögaldri.




Mynd IV.4.10: Þiggja mútur í starfi.



Mynd IV.4.11: Samkynhneigð




Mynd IV.4.12: Fóstureyðing.




Mynd IV.4.13: Hjónaskilnaður.

Könnun á lífsskoðunum Íslendinga, 1990. Ekki er um marktækan mun að ræða.




Mynd IV.4.14: Líknardráp (að binda endi á líf ólæknandi sjúklings).




Mynd IV.4.15: Sjálfsvíg.


Könnun á lífsskoðunum Íslendinga, 1990. Ekki er um marktækan mun að ræða.




Mynd IV.4.16: Tilkynna ekki um tjón á kyrrstæðum bíl sem þú hefur valdið af slysi.



Mynd IV.4.17: Drepa mann í sjálfsvörn.



Mynd IV.4.18: Aka undir áhrifum áfengis.



Mynd IV.4.19: Dauðarefsing.

Könnun á lífsskoðunum Íslendinga, 1990. Munurinn er mjög vel marktækur (***)

Munur á siðferðisvitund aldurshópa er á heildina litið afgerandi og mjög reglubundinn. Eldri borgarar hafa almennt sterkari siðferðisvitund og meiri siðafestu í þeim skilningi að þeir virðast hafa hefðbundnar kristilegar siðferðisreglur í hávegum, í meiri mæli en þeir sem yngri eru. Í reynd er beint samband milli þessarar afstöðu og aldurs í íslensku samfélagi. Þó er ekki marktækur munur milli aldurshópa hvað snertir afstöðu til hjónaskilnaða, sjálfsvígs og framhjáhalds. Samband aldurs og siðferðisviðhorfa er missterkt og sérstaka athygli vekur að eldri borgarar eru andvígari líknardrápi, þ.e. að binda endi á líf sjúklinga með ólæknandi sjúkdóma, en fólk sem er yngra að árum.

V. NIÐURSTÖÐUR

Markmið þeirrar rannsóknar sem hér er frá greint var að fá fram heildstæða mynd af högum og lífsháttum eldri borgara á Íslandi. Könnuð voru margvísleg gögn úr gagnasafni Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands frá tímabilinu 1988 til 1999. Gerður var samanburður á lífskjörum, lífsháttum og lífsskoðunum milli aldurshópa (kynslóðagreining) og í sumum tilvikum var gerður samanburður á eldri borgurum hér á landi og eldri borgurum í öðrum vestrænum þjóðfélögum. Umfang efnisins sem til greiningar var tekið takmarkaðist af fjárhagsgramma rannsóknarinnar.

Almennt má segja að eldri borgarar á Íslandi njóti efnahagslegra lífskjara sem eru sambærileg við það sem best þekkist á Norðurlöndum. Þannig eru til dæmis ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks í hópi eldri borgara á Íslandi heldur hærri en ráðstöfunartekjur sömu hópa í Svíþjóð og Danmörku og mun hærri en í Finnlandi, mælt í sama gjaldmiðli að teknu tilliti til mismunandi kaupmáttar í löndunum. Ráðstöfunartekjur einhleypra eldri borgara eru álfka háar á Íslandi og í Danmörku og Svíþjóð, en mun hærri en í Finnlandi.

Samsetning tekna íslenskra eldri borgara er hins vegar afar ólík því sem tíðkast í grannríkjunum á Norðurlöndum. Þar eru lífeyristekjur, einkum opinberar lífeyrisbætur, talsvert hærri en á Íslandi en skattar eru hins vegar hærri þar en á Íslandi, einnig á eldri borgara. Íslenskir eldri borgarar hafa hins vegar mun meiri atvinnutekjur og njóta einnig lægri skatta. Þrátt fyrir lægri lífeyrisbætur á Íslandi duga meiri atvinnutekjur vegna meiri atvinnuþátttöku og lægri skattar til þess að jafna raunverulegar ráðstöfunartekjur Íslendinga og frændþjóðanna á Norðurlöndum. Þar með virðist ljóst að tekjur íslenskra eldri borgara eru tiltölulega góðar samanborið við tekjur eldri borgara almennt á Vesturlöndum, því eldri borgarar í Skandinavíu hafa góða stöðu samanborið við sömu hópa í Evrópu og Norður Ameríku.

Þessi ólíka samsetning tekna íslenskra eldri borgara skapar á hinn bóginn sérstök vandamál fyrir ákveðinn hóp eldri borgara. Þeir sem ekki geta aflað sér atvinnutekna og ekki hafa náð því að afla sér góðra lífeyrisréttinda í starfstengdu lífeyrissjóðunum á starfsferli sínum hafa einungis lágar bætur frá almannatryggingum að byggja á og búa því oft við þröngan kost. Eldri hlutinn í hópi eldri borgara er oftast í þessari stöðu en hinir yngri, bæði vegna þess að þeir yngri geta oftast stundað einhverja vinnu og hafa að öðru jöfnu betri réttindi í lífeyrissjóðunum. Þetta á einnig í meiri mæli við um konur en karla. Sá hluti eldri borgara sem lendir undir fátæktarmörkum kemur oftast úr þessum hópi. Svipað gildir um kjarastöðu annarra þjóðfélagshópa sem þurfa að byggja afkomu sína einungis á bótum almannatrygginga, svo sem öryrkja, langveika og ekkjur.

Þótt þorri eldri borgara hafi þannig allgóða kjarastöðu er ljóst að aðstæður eru mjög mismunandi innan heildarhóps eldri borgara. Að jafnaði voru fleiri eldri borgarar á Íslandi ánægðir með líf sitt árið 1990 en var í öðrum OECD ríkjum, þegar á heildina er litið. Samt eru um það bil 10% eldri borgara hér á landi óánægðir með lífskjör sín og 4-5% þeirra eru með ráðstöfunartekjur undir alþjóðlega stöðluðum fátæktarmörkum sem taka mið af meðaltekjum hér á landi árin 1997-98. Kjaravandamál eldri borgara hér á landi eru þannig í mestum mæli sérhópvandamál frekar en almenn vandamál alls hóps eldri borgara. Óánægja með kjör er þó vissulega fyrir hendi og tengist oft réttlætiságreiningi vegna víðtækra tekjuskerðinga í bótakerfi íslenska velferðarríkisins.

Í góðari því sem ríkt hefur frá 1995 hafa fjölskyldutekjur hjóna og sambúðarfólks í hópi eldri borgar hækkað einungis um helming af því sem fjölskyldutekjur allra hafa hækkað. Það virðist því ljóst að eldir borgarar hafa dregist afturúr í tekjuþróuninni og ekki náð að halda í við tekjuþennsluna á vinnumarkaðinum. Þannig var það einnig í góðærinu frá 1987-89. Tekjur eldri borgara voru á hinn bóginn stöðugri í niðursveiflunni í kjölfar síðasta góðæris og lækkuðu ekki jafn mikið og tekjur yngra fólks sem er að fullu virkt á vinnumarkaðinum.

Mjög hefur dregið úr fátækt meðal eldri borgara hér á landi á síðustu tíu árum, einkum fyrir áhrif starfstengdu lífeyrissjóðanna sem skila nýjum eftirlaunamönnum mun betri réttindum en þeim eldri í hópi eftirlaunamanna, sem áttu skemur aðild að lífeyrissjóði á starfsferli sínum. Sívaxandi þroskun lífeyrissjóðakerfisins dregur þannig úr fátækt meðal eldri borgara, líkt og gerðist fyrr hjá grannþjóðunum í Skandinavíu, enda kom skylduáðild að lífeyrissjóðum síðar til hér á landi en víða í grannríkjunum á Vesturlöndum.

Eignarstaða eldri borgara á Íslandi, eins og hún kemur fram í eignarhaldi á íbúðarhúsnæði, er með því besta sem þekkist á Vesturlöndum, í þeim skilningi að stærri hluti eldri borgara á umtalsverða eign í íbúðarhúsnæði en í flestum öðrum vestrænum þjóðfélögum.

Þegar litið er til lífshátta eldri borgara virðist ljóst að íslenskir eldri borgarar eru mjög virkir í atvinnulífi og í þjóðlífinu almennt, samanborið við sömu hópa í nágrannalöndunum. Eldri borgarar nota fjölmiðla meira en þeir yngri, til dæmis fréttatíma ljósvakamiðlanna. Þeir lesa dagblöð sömuleiðis í

miklum mæli. Þá eru þeir virkir í félagslífi og stunda margvíslega afþreyingariðju. Ekki er verulegur munur á tíðni ferðalaga meðal eldri borgara og þeirra sem yngri eru, hvort sem lítið er til ferðalaga innanlands eða utan.

Eldri borgarar hafa markvert öðruvísi lífsskoðun en þeir sem yngri eru. Þeir eru trúræknari og trúaðri, leggja meiri áherslu á velferðarforsjá, hafa jákvæðara viðhorf til vinnu og meiri hollustu gagnvart vinnuveitendum og eru mun siðavandnari en yngri kynslóðirnar. Kristilegt og hefðbundið lífsviðhorf er þannig sterkara meðal eldri kynslóðarinnar.

Eftirfarandi eru nokkur afmörkuð efnisatriði sem fram koma í rannsókninni á högum eldri borgara á Íslandi:

Efnahagsleg lífsskjör

- (1) Meðalfjölskyldutekjur hjóna og sambúðarfólks í hópi eldri borgara voru um 149.000 krónur á mánuði á árinu 1998. Meðalfjölskyldutekjur allra hjóna og sambúðarfólks í landinu voru þá 277.000 krónur. Tekjur eldri borgara voru þannig um 54% af meðaltali allra.
- (2) Á uppsveiflu góðærisins frá 1995 til 1998 hækkuðu fjölskyldutekjur allra hjóna og sambúðarfólks, á föstu verðlagi, um rúm 30%, en fjölskyldutekjur sömu hópa meðal eldri borgara hækkuðu um 15,5% á sama tíma. Mest hækkuðu tekjur fólks á aldrinum 40-49 ára, eða um 37%.
- (3) Meðalfjölskyldutekjur hjóna og sambúðarfólks í hópi eldri borgara voru um 61% af meðalfjölskyldutekjum allra 18-80 ára á árinu 1995, en höfðu lækkað í um 54% árið 1998, vegna ofangreindra meiri tekjuhækkana hjá þeim sem yngri eru.
- (4) Meðalfjölskyldutekjur einhleypra í hópi eldri borgara voru tæpar 70.000 krónur á mánuði að jafnaði á árunum 1996-98, á verðlagi ársins 1998. Það var um 69% af meðaltekjum allra einhleypra á aldrinum 18-80.
- (5) Tekjugögn Félagsvísindastofnunar sýna mjög svipaða dreifingu heildartekna einstaklinga eftir tíunduhlutum (e: deciles) og gögn Þjóðhagsstofnunar sem unnin eru úr skattframtölum.
- (6) Þar sem eldri borgarar eru að jafnaði einungis með um 54% af meðaltekjum allra þá er ljóst að eldri borgarar eru að stórum hluta í hópi lágtekjufólksins í þjóðfélaginu hér á landi og er það líkt og í öðrum vestrænum þjóðfélögum. Þannig eru eldri borgarar nærri 35% af þeim tíundahluta tekjuþega sem lágstar tekjurnar hafa og eldri borgarar eru um 17% þeirra sem eru í næstlægsta tekjuhópnum (öðrum tíundahlutanum). Einnig má sjá í gögnum rannsóknarinnar að tæpur helmingur eldri borgara er með tekjur sem tilheyra lögsta tíundahluta tekjuþega.
- (7) Fátækt meðal eldri borgara var metin með aðferð Luxembourg Incomes Study hópsins, sem mest hefur verið notuð í fátæktarmælingum á Vesturlöndum á síðustu árum. Þeir teljast undir fátæktarmörkum sem hafa minna en helming af meðalráðstöfunartekjum fjölskyldna á mann (median equivalent disposable family income). Samkvæmt þeim mælingum er fátækt algengust meðal yngsta aldurshópsins (18-29 ára, oft skólafólk) og elsta aldurshópsins (65-75 ára).
- (8) Árið 1988 töldust um 12,4% eldri borgara hér á landi vera undir fátæktarmörkum, sem þannig voru mæld. Meðalhluftfall fátækra eldri borgara í 13 OECD löndum var 6,4%. Minnst var fátækt eldri borgara meðal Hollendinga, Svía, Frakka, Norðmanna og Finna, en mest var hún meðal Bandaríkjamanna, Íslendinga, Svisslendinga og Breta.
- (9) Mjög hefur dregið úr fátækt meðal eldri borgara á Íslandi á síðustu tíu árum. Árið 1998 var fátækt meðal eldri borgara komin niður í 4,3% og var Ísland þá ekki lengur í hópi þeirra vestrænu þjóða sem mesta fátækt hafa meðal þessa þjóðfélagshóps. Mest munar um sívaxandi réttindi nýrra eftirlaunamanna í starfstengdu lífeyrissjóðunum. Áframhaldandi þroskun lífeyrisséttindanna dregur þannig jafnt og þétt úr fátækt meðal eldri borgara.

- (10) Meðalkaupmáttur ellilífeyrisgreiðslna (frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum sameiginlega) var frá 12% til 57% hærri á hinum Norðurlöndunum árið 1996.
- (11) Hlutur bótatekna af heildartekjum er minni hjá fólk í öllum aldurshópum á Íslandi en hjá hinum þjóðunum á Norðurlöndum. Skattar eru hins vegar hærri þar.
- (12) Eldri borgarar á Íslandi bæta kjör sín verulega umfram eldri borgara á hinum Norðurlöndunum með meiri atvinnuþátttöku og njóta að auki lægri skatta. Það jafnar ráðstöfunartekjur milli þjóðanna og færir íslenskum eldri borgurum ráðstöfunartekjur sem eru á heildina litið áþekkar því sem best er á Norðurlöndum.
- (13) Einhleypir eldri borgarar á Íslandi hafa álíka háar ráðstöfunartekjur og danskir og sænskir kollegar þeirra og mun hærri en Finnar, að teknu tilliti til kaupmáttarmunar milli landanna. Hjón og sambúðarfólk í hópi eldri borgara á Íslandi hafa hins vegar aðeins hærri ráðstöfunartekjur en Svíar og Danir og mun hærri en Finnar.
- (14) Eignarstaða eldri borgara á Íslandi er góð, samanborið við aðrar vestrænar þjóðir. Rúmlega 90% fólks á aldrinum 68 til 80 ára býr í eigin húsnæði og um 97% fólks á aldrinum 67-75 ára. Að jafnaði skulda eldri borgarar lítið í húsnæði sínu og er hrein eign þeirra því umtalsverð, eða rúmlega 8 milljónir að jafnaði hjá fólk á aldrinum 67-75 ára, m.v. markaðsverð árið 1995.
- (15) Um 4,3% eldri borgara segjast þó hafa átt í erfiðleikum með að standa í skilum með húsnæðislán og um 2,2% segjast hafa átt í erfiðleikum með að eiga fyrir öðrum útgjöldum heimilisins.

Huglægt mat á lífskjörum

- (16) Eldri borgarar á Íslandi voru tiltölulega ánægðir með fjárhagsafkomu sína árið 1990, samanborið við eldri borgara í 13 OECD ríkjum. Ívið meiri ánægja var meðal eldri borgara í Danmörku, Hollandi og Kanada. Minnst var ánægjan með fjárhagsafkomu hjá eldri borgurum í Portúgal, Spáni, Frakklandi og í Bretlandi.
- (17) Árið 1999 hefur ánægja með fjárhagsafkomu minnkað nokkuð meðal eldri borgara á Íslandi, samanborið við það sem var árið 1990. Það skýrist líklega mest af þeirri staðreynd að tekjur eldri borgara hafa hækkað markvert minna en tekjur annarra þjóðfélagshópa frá 1995 til 1999, eins og fram kemur í fyrsta kafla skýrslunnar.
- (18) Eldri borgarar eru tiltölulega ánægðir með líkamlega heilsu sína, samanborið við yngri aldurshópana. Það á þó í meiri mæli við um konur en karla.
- (19) Ánægja með andlega líðan var svipuð hjá eldri borgurum og þeim sem yngri eru. Eldri borgarar finna mun sjaldnar til streitu en yngri borgarar (þ.e. fólk sem er 18-67 ára).
- (20) Heldur algengara er meðal eldri borgara að finna til einmanaleika og einangrunar en meðal þeirra sem yngri eru, en munurinn er þó ekki tölfræðilega marktækur. Færri kvarta um leiða og þunglyndi í hópi eldri borgara, og hið sama á við um eirðarleysi. Á móti kemur að færri eldri borgarar segjast vera sérstaklega spenntir fyrir einhverju eða stolltir vegna hróss fyrir að áorka einhverju. Tæp 56% eldri borgara segjast vera alsælir, að lífið sé dásamlegt. Samsvarandi hlutföll fyrir fólk í yngri aldurshópnum eru frá 56 til 66% og er munurinn ekki tölfræðilega marktækur.
- (21) Á milli 70 og 80% eldri borgara segja að þeir séu ánægðir með að hafa náð einhverju marki og að þeir séu á réttri leið, allt gangi þeim í haginn. Ívið herra hlutfall yngra fólks segir þetta sama, en munurinn er ekki tölfræðilega marktækur.
- (22) Eldri borgarar finna síður til þess að hafa valfrelsi og stjórn á því hvernig lífi þeirra og velgengni framvindur, einkum konur.

- (23) Eldri borgarar eru ánægðari með heimilislíf sitt en þeir sem yngri eru, og á það bæði við um karla og konur.
- (24) Þegar spurt var um ánægju með lífið almennt og borið saman milli 15 OECD þjóða þá kemur í ljós að eldri borgarar á Íslandi sögðust árið 1990 vera ánægðari með lífið en eldri borgarar í öllum hinum ríkjunum. Næstir Íslendingum koma Kanadamenn, Bandaríkjamenn og Svíar, en minnst ánægja er meðal Portúgala, Spánverja, Þjóðverja, Frakka og Ítala.
- (25) Frá 1990 til 1999 hafa orðið litlar breytingar á heildaránægju með lífið meðal eldri borgara á Íslandi. Álfka stór hluti þeirra eru nú ánægðir og var 1990 (um 83-4%), en þeir sem voru hlutlausir eru nú heldur færri og óánægðum hefur fjölgað að sama skapi, úr tæpum 8% í rúm 10%.

Lífshættir

- (26) Atvinnuþátttaka karla í hópi eldri borgara er meiri á Íslandi en í nokkru öðru nútímalegu vestrænu þjóðfélagi. Þetta á bæði við um karla á aldrinum 55-64 ára og karla 65 ára og eldri. Ekki hefur dregið úr atvinnuþátttöku fyrir eftirlaunaaldurinn hér á landi eins og mikil brögð hafa verið að í nágrannalöndunum á síðustu árum og áratugum.
- (27) Atvinnuþátttaka kvenna á eftirlaunaaldri er einnig meiri en í öðrum vestrænum þjóðfélögum, en þegar litið er á aldurinn 55-64 ára þá er atvinnuþátttakan heldur meiri í Svíþjóð, Sviss og Noregi. Virkni eldri borgara í atvinnulífinu er því einstaklega mikil á Íslandi.
- (28) Heldur fátíðara er að eldri borgarar ferðist í fríum sínum en þeir sem yngri eru, en munurinn er ekki mjög mikill. Um 68% eldri borgara ferðast að jafnaði eitthvað innanlands á ári hverju á móti um 85% þeirra sem eru 67 ára og yngri. Samsvarandi tölur fyrir ferðir til útlanda eru 37% fyrir eldri borgara á móti 46% fyrir hina yngri.
- (29) Eldri borgarar eru sérstaklega virkir í heimsóknum til ættingja og í sumarbústaðalífi. Þeir gista einnig frekar á Edduhótelum og í bændagistingu en á tjaldstæðum. Yngra fólkið fitjar upp á fleiri þáttum afþreyingar á ferðalögum sínum en þeir sem eldri eru.
- (30) Þegar kannað er eignarhald á algengum heimilistækjum kemur í ljós að eldri borgarar eiga síður sum af þeim tækjum sem náð hafa útbreiðslu í seinni tíð, svo sem örbylgjuofna, matvinnsluvélar, gasgrill og þurrkara. Önnur tæki eiga þeir í álfka miklum mæli og fólk í yngri aldurshópunum.
- (31) Um 74% þeirra sem eru 68-80 ára eiga bifreið. Hlutfallið fyrir þá sem eru 25 til 67 ára er hærra en 90%, en um tveir af hverjum þremur einstaklingum á aldrinum 20-24 ára eiga bifreið.
- (32) Eldri borgarar eru álfka virkir og þeir sem yngri eru í að bjóða í mat og fara í matarboð, einnig í að fara í leikhús, á tónleika, á myndlistarsýningar og bókasöfn. Hins vegar stunda þeir í minni mæli veitingarhús, skemmtistaði og kappleiki, og þeir nota minna skyndimat og myndbandsspólur.
- (33) Eldri borgarar hlusta meira á útvarp en yngra fólk. Mestur er þó munurinn á þeim elstu og þeim allra yngstu (12-19 ára). Að jafnaði hlusta eldri borgarar á útvarp í 227 mínútur á dag, eða í tæpar 4 stundir. Þeir sem eru 50-67 ára hlusta að jafnaði í 200 mínútur en þeir yngstu hlusta í um 107 mínútur á dag.
- (34) Minni munur er milli aldurshópa í heildaráhorfi á sjónvarp. Þeir elstu horfa að jafnaði í 163 mínútur á dag (tæpar 3 stundir), fólk á aldrinum 50-67 ára horfir í 152 mínútur og yngri hóparnir eru með frá 132 til 140 mínútur á dag að jafnaði.
- (35) Eldri borgarar hlusta mun meira á útvarpsfréttir RÚV en þeir sem yngri eru, um 58% á móti 35% þeirra sem eru 50-67 ára. Aðrir aldurshópar hafa mun lægri hlustunartölur.

- (36) Eldri borgarar horfa markvert meira á kvöldfréttir á RÚV en á Stöð 2 og þeir hlusta áberandi minna á hádegisfréttir Bylgjunnar.
- (37) Frekar líftill munur er á lestri Morgunblaðsins milli aldurshópa. Eldri borgarar lesa hins vegar DV mun minna en þeir sem yngri eru en þeir lesa Dag hins vegar meira.

Lífsskoðun

- (38) Eldri borgarar eru mun trúaðari en þeir sem yngri eru. Í reynd er beint neikvætt samband milli ýmissa mælinga á trúrækni og aldurs. Þeir sem eldri eru fengu í mun meiri mæli trúarlegt uppeldi en yngra fólk virðist fá nú á dögum.
- (39) Eldri borgarar eru markvert meira á þeirri skoðun að auka eigi og efla opinbera velferðarþjónustu. Þar er beint samband milli aldurs og áherslu á aukna velferðarþjónustu.
- (40) Ekki er marktækur munur á afstöðu fólks í ólíkum aldurshópum til mikilvægis fjölskyldunnar, vinnunnar, vana, frístunda og stjórn mála. Hins vegar leggur eldra fólk áberandi meiri áherslu á mikilvægi trúarinnar.
- (41) Eldri borgarar eru jákvæðari en yngra fólk gagnvart frekari áherslu á tækniþróun í framtíðinni, bera meiri virðingu fyrir stjórnvöldum og eru jafnframt áhugasamir um einfaldari og náttúrulegri lífshætti.
- (42) Jákvæð afstaða til vinnunnar er markvert meiri meðal eldri borgara en þeirra sem yngri eru. Hið sama á einnig við um hollustu gagnvart vinnuveitanda og starfi.
- (43) Loks eru eldri borgarar afgerandi siðavandari en fólk í yngri aldurshópunum. Það á við um nær alla þætti siðferðismála sem spurt var um í rannsókninni.

Heimildir:

- Atkinson, A. B. o.fl. (1996), *Income Distribution in OECD Countries* (París: OECD).
- Atkinson, A. B. (1975), *The Economics of Inequality* (Oxford: Carendon Press).
- Atkinson, A. B. og Martin Rein (1993), *Age, Work and Social Security* (New York: St. Martin's Press).
- Ársskýrslur Félagsmálastofnunar Reykjavíkur 1990-1997.
- Castles, Francis G. (1996), "Needs-Based Strategies of Social Protection in Australia and New Zealand", í bók G. Esping-Andersen, *Welfare States in Transition*.
- Cousins, C. (1999), *Society, Work and Welfare in Europe* (London: Macmillan Press).
- Erikson, R. og J. Fritzell (1988), "The Effects of the Social Welfare System in Sweden on the Well-Being of Children and the Elderly", í J. L. Palmer o.fl. (ritstj.), *The Vulnerable* (Washington: The Urban Institute Press).
- Esping-Andersen, G. (1996), *Welfare States in Transition* (London: Sage).
- Forsell, Asa o.fl. (1999), "Unequal Public Transfers to the Elderly in Different Countries-Equal Disposable Incomes", grein í *European Journal of Social Security*, árg. 1, nr. 1, bls. 63-89.
- Friðrik H. Jónsson (1995), "Dyggðir Íslendinga" (Reykjavík: Félagsvísindastofnun, rannsóknarritgerðir nr. 1).
- Hauser, Richard (1998), "Adequacy and Poverty Among the Retired", *International Social Security Association*, birt á heimasíðu OECD samtakanna.
- Hedström, Peter og Stein Ringen, (1990), "Age and Income in Contemporary Society", í Palmer, J. L. o.fl. (ritstj.), *The Vulnerable*.
- Inglehart, Ronald (1990), *Culture Shift in Advanced Industrial Society* (Princeton: PUP).
- Johnson, P. og J. Falkingham (1992), *Ageing and Economic Welfare* (London: Sage).
- Karl Sigurðsson og Stefán Ólafsson: *Greinar og erindi um fátækt á Íslandi*. (Félagsvísindastofnun. Nóvember 1998).
- Kohli, Martin o.fl. (ritstj.)(1991), *Time for Retirement: Comparative Studies of Early Exit from the Labour Force* (Cambridge: CUP).
- Korpi, W. og Joakim Palme (1998), "The Paradox of Redistribution and Strategies of Equality: Welfare State Institutions, Inequality, and Poverty in the Western Countries", í *American Sociological Review*, árg. 63, bls. 661-687.
- María Ammendrup (1998), "Vinnuviðhorf Íslendinga" (Félagsvísindadeild Háskóla Íslands: MA ritgerð).
- Mitchell, D. (1991), *Income Transfers in Ten Welfare States* (Aldershot: Avebury).

Myles, John (1996), "When Markets Fail: Social Welfare in Canada and the United States", í Esping Andersen, *Welfare States in Transition*.

Puide, A. (ritstj.) (1996), *Den nordiska fattigdomens utveckling och strukturer* (Kaupmannahöfn: Norræna ráðherranefndin: TemaNord).

Palmer, J. L. o.fl. (ritstj.), *The Vulnerable* (Washington: The Urban Institute Press).

OECD (1998), Resources During Retirement. Maintaining Prosperity in an Ageing Society: the OECD Study on Policy Implications of Aging (Working Paper AWP 4.3)

Smeeding, Timothy M. , M. O'Higgins og Lee Rainwater (1990), *Poverty, Inequality and Income Distribution in Comparative Perspective: The Luxembourg Incomes Study* (Washington: The Urban Institute Press).

Stefán Ólafsson (1996), *Hugarfar og hagnöxtur: Menning, þjóðfélag og framfarir á Vesturlöndum* (Reykjavík: Félagsvísindastofnun).

Stefán Ólafsson og Karl Sigurðsson (1996), "Poverty in Iceland", í A. Puide (ritstj.)

Stefán Ólafsson (1990), *Lífskjör og lífshættir á Norðurlöndum: Samanburður á þjóðfélagi Dana, Finna, Íslendinga, Norðmanna og Svía* (Reykjavík: Iðunn).

Stefán Ólafsson (1990), *Lífskjör og lífshættir á Íslandi: Lífskjarakönnun 1988* (Reykjavík: Hagstofa Íslands og Félagsvísindastofnun).

Stefán Ólafsson og Karl Sigurðsson (1997), *Um velferð: Þrjár ritgerðir* (Reykjavík: Félagsvísindastofnun).

Stefán Ólafsson, Ingibjörgu Kaldalóns og Karl Sigurðsson (1998), *Viðhorf til velferðarríkisins á Íslandi*, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun, nóvember 1998)

Titmuss, R. M. (1955), "Pension Systems and Population Change", í *Political Quarterly*, árg. 26, bls. 152-66.

Þjóðhagsstofnun (1999 og fyrri ár), *Tekjur, eignir og dreifing þeirra* (Reykjavík: Þjóðhagsstofnun, árleg greinargerð).